

# RAUTI

## b o r ð i n n

Ég átti mér þann leynda draum  
*Maðurinn minn var miklu*  
*hræddari en ég*  
*Viðtal við HIV-jákvæða móður*

Pöglar hamfarir leggja Afríku  
í eyði

Hlutskiptin eru misjöfn en...  
*Við hjónin þögðum í sjö ár*

Unglingar ræða um alnæmi

Alþjóðleg alnæmisráð-  
stefna í Suður-Afríku

Frábært framlag  
skemmtistaða til for-  
varnastarfsins

Miningarguðs-  
þjónustan

Hvernig hefurðu  
það?  
*Að lifa af á*  
*örforkubótum*

Mósambík  
Mekka  
HIV

**Afstaða karla  
skiptir máli**

# Við þökkum eftirtöldum veittan stuðning

## Reykjavík

Almenna málflutningsstofan hf, Sigtúni 42  
Altech ehf, Lynghálsi 10  
Amon-Ra ehf, Hraunbergi 4  
Arkitektar Skógarhlíð ehf, Skógarhlíð 18  
Ársól sf, Efstalandi 26  
Árvakur hf Morgunblaðið, Kringlunni 1  
B P skip ehf, Borgartúni 18  
Bak við hús ehf, Tryggvagötu 20  
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Grettisgötu 89  
Bílabúð Benna ehf, Vagnhöfða 23  
Bílamálun Halldórs Þ. Nikulássonar sf, Funahöfða 3  
Brimrún ehf, Hólmaslóð 4  
Búlkí sf, Krókhálsi 10  
Búsáhöld og gjafavörur, Kringlunni 8-12  
Carúso veitingahús, Þingholtsstræti 1  
Cortex hárgreiðslustofa, Bergstaðastræti 28a  
Dillon ehf, Laugavegi 30  
Dressmann á Íslandi ehf, Laugavegi 18b  
Eðal ehf, Eirhöfða 18  
Eignarmiðlunin ehf, Síðumúla 21  
Einar Farestveit og Co hf, Borgartúni 28  
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4  
Farmasia ehf, Síðumúla 32  
Fasteignamiðlun, Síðumúla 11  
Ferðaskrifstofa Íslands hf, Lágmúla 4  
Finverk ehf, Tungubakka 4  
Framfarir, Bankastræti 11  
Frjálsí fjárfestingarbíkinn hf, Soltúni 26  
Garðheimar, Stekkjarbakka 6  
Geimur sf, Rauðarárstíg 41  
Gjörví ehf, Grandagarði 18  
Globus hf, Skútuvogi 1f  
Grace verslun, Suðurlandsbraut 50  
Grænn kostur ehf, Skólavörðustíg 8  
Gunnar Oddur Rósarsson tannlæknir, Vegmúla 2  
Gúmmibátabjónustan Reykjavík ehf, Eyjarslóð 9  
Hafrós ehf, Skútuvogi 12g  
Hagi ehf, Malarhöfða 2  
Hampiðjan hf, Bíldshöfða 9  
Háess ehf, Skútuvogi 12g

## Hárhönnun ehf, Skólavörðustíg 6b

Hársetrið, Æsufelli 6  
Hársnyrtistofa Dóra, Langholtsvegi 128  
Hársnyrtistofan Arnarbakka 2 ehf, Arnarbakka 2  
Hársnyrtistofan Ísold sf, Hlískogum 4  
Hárstofan Feima ehf, Miklubraut 68  
Hár-X hársnyrtistofa, Laugavegi 33  
Heilsa og fegurð ehf, Síðumúla 34  
Hreinsítækni ehf, Stórhöfða 35  
Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar, Skúlatúni 2  
Höfðakaffi, Vagnhöfða 11  
Hönnun hf, Síðumúla 1  
Indókina, Laugavegi 19  
Innréttингa- og húsgagnasprautun, Borgartúni 29  
Innrömmun Allra, Ármúla 20  
Ísbúðin, Síðumúla 35  
Ísmar hf, Síðumúla 37  
J. S. Gunnarsson ehf, Fossaleyni 10  
Jarðvélar sf, Grundarási 4  
Johan Rönning hf, Sundaborg 15  
Jói og félagar ehf, Skólavörðustíg 8  
Jón Viðar Arnórsson tannlæknir, Skólavörðustíg 14  
Kaffibarinn ehf, Bergstaðastræti 1  
Kaffihúsið Kaffibrennslan ehf, Pósthússtræti 9  
Kaupþing hf, Ármúla 13a  
Kirkjuhúsið Skálholtsútgáfan, Laugavegi 31  
Kjartan Örn Gylfason tannlæknir, Hverafold 1-3  
Klaustrið, Klapparstíg 26  
Klipptök hársnyrtistofa, Eddufelli 2  
Kolbeinn Normann tannlæknastofa, Ármúla 26  
KOM ehf kynning og markaður, Austurstræti 6  
Kórral sf, Vesturgötu 55  
Leiksport ehf, Lóuhólmur 2-6  
Lif snýrtistofa, Álfabakka 12  
Linuhönnun hf, Suðurlandsbraut 4a  
Lögreglustjórin í Reykjavík, Hverfisgötu 115  
Matur og menning ehf, Hverfisgötu 15  
Mjólkursamsalan í Reykjavík, Bitruhálsi 1  
Námsflokkar Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1  
Nevada bob, Nethyl 2  
Nonni og Manni ehf, Þverholti 14  
Nordial á Íslandi hf, Kóllunarklettsvegi 2  
Oddgeir Gylfason tannlæknir, Síðumúla 28

## Omega Farma ehf, Skútuvogi 1h

Oro ehf, Hverfisgötu 8-10  
Osta- og smjörsalan sf, Bitruhálsi 2  
Óttó B. Arnar ehf, Ármúla 29  
Ósk Þórðardóttir tannlæknir, Miðstræti 12  
Málfutningsskrifstofan, Suðurlandsbraut 4a  
Phroso ehf, Kringlunni 4-12  
Pylsuvagninn, Sundlaugavegi  
R. Sigmundsson ehf, Fiskislóð 84  
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23  
Regnboginn, Hverfisgötu 54  
Reykjavíkurhöfn, Hafnarhúsi Tryggvagötu  
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a  
Seljakirkja, Hagaselí 40  
Sigríður Haraldsson tannlæknir, Skipholts 33  
Sigurður Þórðarson tannlæknir, Borgartúni 33  
Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra, Hátúni 12  
Skansinn, Ármúla 36  
Skjól hjúkrunarheimili, Kleppsvegi 64  
Skógarbær hjúkrunarheimili, Árskogum 4  
Skóverslunin Bossanova hf, Kringlunni 8-12  
Skúli H. Norðdahl arkitekt, Viðimel 55  
Smith og Norland hf, Nótatúni 4  
Sorpa, Gufunesvegi  
Stilling hf, Skeifunni 11  
Subway, Suðurlandsbraut 46  
Stjörnubíó ehf, Laugavegi 94  
Stúdió Brauð ehf, Háaleitisbraut 68  
Suðurverk hf, Krókhálsi 5a  
Suzuki-bilar hf, Skeifunni 17  
Svanur RE-45, Eikjuvogi 6  
Svava ehf, Bústaðavegi 130  
Svend Richter tannlæknir, Skólavörðustíg 1a  
Tannlæknastofa Barkar Thoroddsen, Borgartúni 33  
Tannlæknastofa Elínar S. Wang, Vegmúla 2  
Tannlæknastofa Egils Kolbeinssonar, Grensásvegi 44  
Tannlæknastofa Gunnlaugs J. Rósarssonar, Laugavegi 74  
Tannlæknastofa Jóns Ásgeirs Eyjólfssonar, Miðstræti 12  
Tannlæknastofa Skúla O. Kristjánssonar, Hátúni 2a  
Tannlæknastofa Árbæjar ehf, Rofabæ 23

## [ AÐSTANDENDAHÓPUR ]

Innan Alnæmissamtakanna hefur starfað aðstandendahópur. Hann hefur verið misjafnlega fjölmennur og aðstandendur taka þátt í honum misjafnlega lengi því að aðstæður eru svo margvislegar. Það er ákaflega mikilvægt fyrir aðstandendur alnæmissmitaðra og -sjúka að kynnast, fræðast og geta styrkt hvert annað. Í hópnum hafa verið foreldrar, systkini, börn og makar og aðrir nákomnir sem láta sér annt um hinn smitaða, hvort heldur hann er lífs eða liðinn. Peir sem áhuga hafa á að taka þátt í aðstandendahópnum ættu að tala við **Sigurlaugu Hauksdóttur**, félagsráðgjafa í síma 525 1547/1000.

# Rauði borðinn

## Alnæmissamtökin á Íslandi

Samtök áhugafólks um alnæmisvandann

Þósthólf 5238

125 Reykjavík

Alnæmissamtökin reka upplýsingamjölstöð fyrir almennung og bjóða fram fræðslu til skóla, félaga, fyrirtækja og annarra. Þau reka félagsheimili fyrir smitaða og sjúka og aðstandendur þeirra. Algjör trúnaður og nafnleynd

Skrifstofan Hverfisgötu 69 er opin alla virka daga kl. 13 - 17

Sími: 552 8588

Bréfsími: 552 0582

Netfang: aids@centrum.is

Veffang: www.centrum.is/aids/

Kennitala: 541288 1129

Ritstjóri: Guðni Baldursson

Ábyrgðararmaður: Ingi Rafn Hauksson

Útlit og umbrot: Kristinn Gunnarsson

Ljósmynd á forsíðu: Inga Sólveig

Friðjónsdóttir

Prentun: Oddi hf

Upplag: 5.000 eintök

Nóvember 2000

## MEDAL EFNIS

Arndís Andrésdóttir framkvæmdastjóri Alnæmissamtakanna 4

Ég átti mér þann leynda draum 6  
Birna Þórðardóttir

Þögjar hamfarir leggja  
Afríku í eyði 10  
Þórir Guðmundsson

Hlutskiptin eru misjöfn en... 14

Unglingar ræða um alnæmi 16

Alþjóðleg alnæmisráðstefna  
í Sudur-Afríku 19  
Björgvín Gislason

Frábært framlag til  
forvarnastarfssins 22

Minningarguðspjónusta um  
þá sem létist hafa úr alnæmi 24  
Hjörtur Magni Jóhannesson

Alnæmi á Íslandi – Útlit í dag 26

Hvernig hefurðu það? 30  
Guðni Baldursson

Mósamblík Mekka HIV 33  
Margrét Þóra Einarsdóttir

NordAll2000 37

NordAll2001 38



**Hræðsla,** reiði, útskúfun. Það eru tilfinningar sem oft koma upp í huga manns sem greinst hefur með HIV-smít. Þess vegna er það að dáunarvert þegar viðkomandi gengur fram fyrir skjöldu og berst gegn öllum þeim fordóum sem smituð manneskjá getur orðið fyrir í leik og í starfi. Gott dæmi um slíkt er mál það sem Guðjón Kristinsson höfðaði gegn Vesturskipum ehf vegna brottvikningar úr starfi vegna HIV-smits. Nú er dómur þessi fallinn og að sjálfsögðu Guðjóni í vil. Til hamingju, Guðjón, og til hamingju allir HIV-smitaðir.

En til hamingju með hvað? Þenn er langt í land og enn leyast með þjóðinni miklir fordómar í garð þeirra sem smitast. Segja má að þessi dómur sé eins og ein lykkja í hálfprjónaðri peysu, svo að öll þurfum við að leggja til garn til þess að að peysa þessi verði hlý og skjólgóð og rakni ekki upp við fyrsta þvott. Stöndum saman og vinnum að takmarki okkar: Upplýstri þjóð án fordóma og með skilning á HIV-smiti og smitleiðum þess.

Undanfarin fjögur ár hef ég gengt formannsembætti Alnæmissamtakanna og notið þess til fullnustu. Það er skoðun míni að fjögur ár sé hámarkstími sitjandi formanns í félagasamtökum sem okkar, því að alltaf er hættan á að fólk brenni út og staðni. Það er þess vegna sem ég auglýsi eftir formannsefni fyrir Alnæmissamtokin.

Ingi Rafn Hauksson, formaður Alnæmissamtakanna.

Að bera **Rauða borðann** er ætlað að sýna samúð og stuðning við fólk sem er smitað eða sjúkt af alnæmi.

**Rauði borðinn** er yfirlýsing um stuðning, krafa um umræðu, ósk um framfarir í rannsóknunum og von um að læknинг finnist við alnæmi.

**Rauði borðinn** er leið til að gera alnæmi sýnilegt í þjóðfélaginu.

Upphafsmenn **Rauða borðans** er listamanna-hópurinn Visual Aids í Bandaríkjunum.

Petta eru samtök myndlistarmanna, listfræðinga og forstöðumenn listasafna.

Þau vilja vekja athygli á því að alnæmi kemur okkur öllum við.

# Arndís Andrésdóttir,

## framkvæmdastjóri Alnæmissamtakanna, hóf störf í mars á þessu ári

**E**g hóf störf hjá Alnæmissamtökunum í mars og hefur líkað mjög vel. Starfið er þess eðlis að ég get nokkuð stjórnað því hversu mikið er að gera og hæglega væri hægt að gera þetta starf að tveimur því að verkefnin sem hægt er að takast á við eru óþrjóandi. Ég vildi hafa meiri tíma til skrifta, geta skrifað í blöðin greinar til að kynna samtökin og baráttumál þeirra betur. Einnig hefði ég viljað að meiri samgangur og samstarf væri við Rauða krossinn í þessum málum en er.

Áðalvandinn sem félagið stendur frammi fyrir er fjárskortur. Verkefnaskortur er hins vegar ekki fyrir hendi, fræðsla fer fram út um allt og hafa formaðurinn, Ingi Rafn Hauksson og félagsráðgjafinn Sigurlaug Hauksdóttir verið ötulust í þeim efnunum, en gjarnan mættu vera fleiri færir sem tækju að sér fræðslu til að minnka álagið á þeim tveimur. Það er hinsvegar ljóst að mörgum þykir erfitt að uppljóstra um smit sitt vegna þeirra fordóma sem við mætum í samfélagi eins upplýstu og Ísland á nú að vera.

Gott dæmi um þetta er að í haust kom vinkona míni í hádegismat hingað til míni í vinnuna, hún skrapp á klósettið og þegar hún kom til baka sagði hún alvarleg: „Arndís, hugsarðu aldrei þegar þú ferð á klósettið að þú situr á sama klósetti og einhver með alnæmi hefur setið á... og við erum að borða með sömu hnifapörum og smitaður hefur borðað með!“

Ég hló fyrst að henni, hélt hún væri að grínast, en svo var ekki því hún brást fúl við og sagði:

„Nei, í alvöru, pælirðu aldrei í þessu?“

Ég svaraði henni: „Bjarney, það smitast ekki svoleiðis.“

„Nei, ég veit það alveg, en samt...“

Þetta svar hennar: „Nei, ég veit það alveg, en samt...“ fannst mér það mest sláandi sem ég hef heyrт lengi. Hérna erum við að tala um vel menntaða og vel upplýsta konu, umhyggusama, góða og fordómalausa konu, en samt... Hún er haldin þessum ótta sem fordómar byggja á og þessi ótti hennar stjórnast ekki af þekkingarskorti heldur einhverju öðru. Þessar samræður fengu mig til að hugsa um það hvort ég hefði kannski



líka verið svona. Þegar ég var alveg hreinskilin við sjálfa mig, viðurkenndi ég að ég sjálf hafði hugsað svona. En hvers vegna breyttist það þá? Af hverju var ég ekki lengur óttaslegin innst inni? Ég hugsaði svolstið um þetta allt og hef komist að þeirri niðurstöðu að fræðslan og þekkingin er nauðsynlegur grundvöllur til þess að uppræta fordóma en getur aldrei að fullu útrýmt þeim. Til þess þarf hver og einn að kynnast HIV-jákvæðum persónulega. Allavega var það þannig með mig að þekkingin varð að verða að reynslu til að óttinn léti í minni pokann.

Þetta minnir um sumt á það að aka þí; það er hægt að læra allar umferðarreglur og allt um þílinn og hvernig að keyra hann af öðrum og af bókum en öryggistilfinningin kemur einungis með því að keyra sjálfur þílinn. Ef þú ætlaðir að setjast beint inn í þílinn án þekkingarinnar blasir stórslys við. Á sama hátt er alnæmisfræðslan sem samtökin standa fyrir nauðsynlegur grundvöllur og veganesti út í lífið.

Í DV var fyrir skemmtu greint frá dómsmáli í Héraðsdómi Vestfjarða um mál HIV-jákvæðs vélstjóra, þá spurði ég Sigurlaugu, félagsráðgjafann, hvernig væri eiginlega hægt að útrýma fordómunum. Hún svaraði á þá leið að til þess þyrfti að senda alla smitaða út af örkkinni og láta hvern og einn kynnast þúsund öðrum ósmituðum. Nú skil ég hvað hún átti við.

Við erum svo lánsöm hér á Íslandi að þeir sem greinast HIV jákvæðir hafa góðan og greiðan aðgang að lyfjum sem halda niðri einkennum og gerir fólk kleift að lifa sínu lífi áfram og mörgum að halda fullri starfsorku. Þegar nýju lyfin komu 1996 voru margir sem hreinlega voru við dauðans dyr en hefur nú með hjálp lyfjanna tekist að snúa ferlinu við og jafnvel öðlast einhverja starfsorku. Það er sárt fyrir þetta fólk að geta ekki lifað lífinu til fullnustu sökum fordóma í þjóðfélaginu. Það er sárt fyrir fólk sem búið var að sættast við ástand sitt og viðurkenna smitið fyrir sjálfum sér, fjölskyldu og umheiminum að þurfa eftir slíka baráttu og sigur að skrifða aftur inn í skelina, myrkrið og einsemdina. Það er sárt.



Á aðalfundi Alnæmissamtakanna 21. febrúar 2000 var ný stjórn körin: Ingi Rafn Hauksson formaður, Árni Friðrik Ólafarson varaformaður, Guðni Baldursson gjaldkeri, Valgerður Jóhannsdóttir ritari, Ingi Hans Ágústsson meðstjórnandi og Inga Sólveig Friðjónsdóttir varamaður. Tveir fyrrum stjórnarmenn létu af störfum, Heiðdís Jónsdóttir og Steinþór Ívarsson. Þeim eru þökkud góð störf í gegnum árin. Á myndinni eru talið frá vinstri Ingi Hans, Árni Friðrik, Valgerður, Guðni, Ingi Rafn og Inga Sólveig.

## Opið hús á Hverfisgötu 69. 1. desember

# 2000

frá kl. 13-20. Kaffi, kökur  
og kvöldverður. Höfundar  
lesa úr nýútkomnum  
bókum sínum á heila  
tímanum frá kl. 16.


Allir velkomnir.

*Heit og góð,  
alla leið til þín*

Sími 58-12345  
GRENSASVEGLI 15 - HOFDABAKKA 15 - GARðATORG 7 - SPÖNDINN  
ANNAUSTUM 15 - KRINGLUNN 15 - VYBYLAVELGI 14  
FJARÐARGÖTU 11 - UNDRIRLIÐ 2 - AKUREYRI

5 rauði borðinn

# Ég átti mér þann leynda draum að horfa á eftir barninu mínu ganga af stað í skólann...



Ung hjón í fallegrí íbúð, hjalandi smábarn með búldukinnar og dæmalaust bros, annað barn í skóla, brúðkaupsmýnd á hillu – ástin skín úr augunum, ástin sem ætíð segir: ekki bara í dag heldur einnig á morgun og hinn og hinn og hinn – getur eitthvað verið að?

Eiginlega ekkert, nema það að báðir foreldrarnir – hjónin – hafa greinst með HIV-veiruna. Þess vegna er kannski ekki eins sjálfgefið og ætla mætti að segja: einnig á morgun og hinn og hinn...

Hjónin eru um þrítugt. Hún hefur verið smituð í tær 16 ár, eða frá ársbyrjun 1985, og hann í áratug. Þau kynntust fyrir tærum áratug, í gegnum félagsráðgjafa. Nokkrum mánuðum fyrr hafði karlmaðurinn greinst smitaður. Hann var aleinn með sjúkdóminn og áhyggjurnar og vildi gjarnan hitta einhvern sem eins væri ástatt hjá og hann gæti treyst. Hún varð barnshafandi nánast um leið og þau kynntust.

## Hún

Ég svaf hjá manni sem er opinberlega hommi í dag, en var á þessum tíma bæði með stelpum og strákum, án þess að ég vissi það. Hann vissi ekki að hann væri smitaður og vissi það ekki fyrr en eftir að ég greindist. Ég létt strax vita enda vissi ég nákvæmlega hver hefði smitað mig. Ég var búin að vera smituð í tær þrjú ár þegar ég greindist, en sem betur fer hafði ég ekki smitað neinn á þessum tíma. Ég létt vita með hverjum ég hafði verið og fékk úr því skorið að enginn hefði smitast. Árið sem ég greindist var strákurinn sem smitaði mig kominn úr skápnunum.

Honum hafði samt ekki dottið í hug að

fara í próf, menn gerðu það almennt ekki á þessum tíma. En auðvitað hefði hann mátt vita þetta, menn greindust fyrst hér 1983.

Ástæðan fyrir því að HIV-próf var tekið hjá mér var að ég hafði greinst með klamydíu og í kjölfar þess var tekin prufa fyrir HIV. Læknirinn sagði: ég veit að þú ert ekkert smituð! Nei, nei, sagði ég, ég veit það líka, en svo hringdi hann viku seinna og sagði að ég væri jákvæð. Ég vissi ekki einu sinni hvað það þýddi! Var gott eða vont að vera jákvæð? Var neikvætt að vera jákvæð, en jákvætt að vera neikvæð? Ég vissi það ekki. Að sjálfsögðu kom það mér á óvart greinast með smit. Ég taldi mig ekki vera í neinum áhættuhópi. Ég var bara ósköp venjuleg tvítug stelpa pangáð til ég greindist og allt í einu fannst mér lífið búið. Ég átti aldrei eftir að gifta mig, aldrei að eignast börn eða neitt annað. Þetta voru endalokin. Ég hugsaði: þetta verða örugglega síðustu jólín míni!

Ég var úti á landi og læknirinn hentí bara í mig róandi töflum og sagði mér að sofa á þessum til morguns. Þetta voru viðbrögðin hjá þessum lækni. Ég flutti strax í burtu og var komin til Reykjavíkur eftir two daga þar sem ég var svo heppin að hitta lækni sem hefur í raun haldið utan um mig alla tíð síðan. Ég fékk samt ekki neina raunverulega aðstoð við að takast á við þennan hrikalega veruleika. Ég hafði lækninn minn að vísu, og hann vanmet ég ekki, og síðan var einn hjúkrunarfræðingur sem aðstoðaði mig andlega. Í dag er reynt að standa betur að þessum málum og benda þeim sem greinast á möguleikana sem fyrir hendi eru til að leita sér aðstoðar hjá félagsráðgjöfum og öðrum,

#### Hann

Maðurinn minn greindist 1991. Hann smitaðist af stelpu erlendis. Hann hefur verið mjög

## VAR NEIKVÆTT AÐ VERA JÁKVÆÐ, EN JÁKVÆTT AÐ VERA NEIKVÆÐ?


ÉG VISSI ÞAÐ EKKI.

frískur alla tíð, hann er hraustur, stundar spróttir og það er ekki hægt að merkja að hann sé eitthvað veikur. Hann er líka á lyfjameðferð og þolir lyfin mun betur en ég, hann byrjaði á nýju lyfi fyrir stuttu og það gengur vel.

Þegar hann greindist lokaði hann sig alveg af. Hann sagði engum frá þessu og gekk með töflurnar í úlpusanum þannig að enginn kæmst að hinu sanna. Fólkid hans vissi ekki neitt fyrr en eftir að eldra barnið okkar fæddist. Eftir að önnur prufan hafði verið tekin af barninu, við þriggja mánaða aldur, sagði ég móður mannsins míns, að ég hefði farið með barnið í prufu vegna þess að ég væri smituð. Hún spurði mig hvort

sonur hennar væri smitaður en ég sagði að hún yrði að spryja hann sjálfan. Ég fór til útlanda daginn eftir þannig að ég varpaði eiginlega sprengju innan fjölskyldunnar og fór svo. Ég frétti síðan frá félagsráðgjafanum mínum að allt væri komið upp á yfirborðið. Fjölskylda hans taldi fyrst að ég hefði smitað hann þannig að það var gífurleg reiði í minn garð, þangað til hið sanna kom í ljós. Auðvitað var þetta áfall fyrir þau, hann hafði vitað í tær tvö ár að hann væri smitaður, án þess að segja frá því. Vanlíðan hans hafði því verið ofboðsleg.

Hann hafði í raun ekki talað við neinn nema mig og náttúrlega



lækninn sinn og félagsráðgjafa. Það drepur hvern mann að loka sig svona af með sársauka og slæma líðan. Hann ætlaði sér aldrei að segja frá þessu en ég varð að gera það. Mér leið hreinlega illa. Þegar ég var á spítalanum að eiga barnið þá var ég á einkastofu, af hverju var það? Af hverju var ég ekki með barnið á brjósti? Ég þurfti að búa til endalausar sögur um alla hluti til þess að skrókva að fjölskyldu mannsins míns.

#### Pau

Við gáfum sambandi okkar ekki mikla möguleika í upphafi. Við hittumst, tveir smitaðir einstaklingar og það var sagt við okkur: nú skuluð þið kynnast og vera saman. Okkur leist ekkert sérstaklega vel hvoru á annað, enda erfitt að elska eftir fyrirkipun! En tíminn hefur liðið og samband okkar og sambúð er yndisleg í dag.

MÉR FANNST ÉG VERA ÖHREIN OG  
ÓGEÐSLEG. ÞETTA VAR SJÚKDÓMUR  
SEM HOMMAR OG VÆNDISKONUR  
FENGU EN EKKI VENJULEGT FÓLK.

## ég átti mér þann...

### Aðstandendur

Fólkið mitt hefur staðið með mér frá upphafi þótt þetta hafi verið gífurlegt áfall fyrir alla. Það bjóst enginn við því að þetta gæti komið fyrir mig, venjulega, lífsglaða stelpu. Mamma mín sagðist hafa dáið inni í sér þegar ég sagði henni þetta. Ég fór strax til hennar en var viss um að hún myndi ekki vilja sjá mig. Mér fannst ég vera óhrein og ógeðsleg. Þetta var sjúkdómur sem hommar og vændiskonur fengu en ekki venjulegt fólk.

í myndinni, hjá hvorugu okkar. Ég held að við höfum í einhverri einfeldni útilokað möguleikann! Og svo var allt í einu væntanlegt barn eins og þruma úr heiðskíru lofti.

Mér fannst fóstureyðing ekki koma til greina. Ég var þokkalega frísk og hugsaði með mér að ef eitthvað alvarlegt kæmi fyrir, ef barnið fæddist smitað þá tæki ég á því ef og þegar þar að kæmi. En ég ætlaði að njóta þess að eignast barn! Mér hefur aldrei liðið eins vel og að þessari meðgöngu. Allt gekk svo vel. Læknirinn minn studdi mína afstöðu, án þess að reyna að hafa nokkur áhrif, sá um að ég talaði strax við fæðingarlækni og annað sem þurfti.


Fyrstu mánuði meðgöngunnar mátti ég ekki taka lyfin og fékk meðal annars lungnabólgu og auðvitað gat allt gerst. En ég fór að taka lyfin aftur eftir fyrstu þrjá til fjóra mánuðina. Hins vegar hafa hjálparfrumurnar aldrei verið jafn háar eins og þegar ég gekk með eldra barnið. Þannig að það gerði lískama mínum mjög gott.

Þá voru taldar 30–50% líkur á því að barnið gæti fæðst smitað og ég vissi það strax. Ég reyni oft að gera mér grein fyrir því núna hvað ég hafi verið að hugsa á meðgöngunni. Ég var ekki að hugsa um mögulegt smit barnsins. Mörgum fannst að ég væri hrikalega sjálfsesk og hugsaði ekkert um barnið, en einhvern veginn fannst mér það ekki. Ég blómstræði þennan tíma og var mjög bjartsýn. Allt hafði gengið vel og mér í hag og ég ætlaði að láta þetta ganga. Það skipti gifurlega miklu máli og eins að lifa heilbrigðu lífi. Sama sumarið og ég gekk með barnið var haldin alþjóðleg ráðstefna og þar komu nýjar upplýsingar og niðurstöður nýrra rannsókna sem bentu til að 13–20% líkur væru á því að barn gæti smitast í fæðingu og það ják enn á bjartsýni mína. Undir niðri vissi ég samt hvað gæti orðið, barnið gæti fæðst fárveikt og þess vegna farið fljóttlega en ég ætlaði að taka á því ef og þegar þar að kæmi. Síðan fæddist barnið vel frískt og yndislegt. Þá var talið að

smit kæmi fram hjá börnum innan 12–18 mánuði frá fæðingu. Naflastrungsprufa sem tekin var við fæðingu var neikvæð og ég fékk að vita það þegar barnið var átta daga gamalt. Barnið fór síðast í eftirlit 11 mánaða og töldu læknarnir þá öruggt að láta gott heita.

MAMMA MÍN SAGÐIST HAFÐA DÁÍÐ INNI Í SÉR ÞEGAR ÉG SAGÐI HENNI ÞETTA.

Maðurinn minn var miklu hræddari en ég, en hann lét mig um ákvörðunina. Hann hélt til dæmis að barnið myndi aldrei fara út af spítalanum og við yrðum bara þar þangað til yfir lyki. En ég var ekki svona svartsýn.



Þannig var umræðan og er að sumu leyti enn. Það er í raun litið svo á að konur sem smitast séu léttuðadrósir. Ég svaf uppí hjá mömmu fyrstu two mánuðina. Ég varð svo lítil og grét bara og grét. Það tók mig langan tíma að rífa mig upp og reyna að koma mér í venjulegt far.

### Lyfjameðferð

Þegar ég greindist var ég strax sett á lyfjameðferð, sem þá var AZT eða retróvís. Ég hef svo sem ekki orðið alvarlega veik á þessum tíma sem liðinn er, en var komin neðarlega í hjálparfrumum og öllu þegar nýju lyfin komu. Þau komu alveg á réttum tíma fyrir mig því þá var allt á niðurleið. Þau gjörbreyttu öllu. Vissulega eru aukaverkanirnar miklar en maður lætur sig bara hafa það. Ég er alltaf með stöðugan höfuðverk og þarf að taka verkjalyf þess vegna. Mig dreymir illa af nýju lyfjunum og ég er viss um að sumir hætta að taka lyfin til að losna við aukaverkanirnar; það er til dæmis ekkert gaman að vera með sífелldan niðurgang – en þetta fylgir. Það er betra en að vera dauð.

### Barn eitt

Ég ætlaði ekki að verða barnshafnandi, það var ekki inni

Fjölskyldan mín var líka hrædd, að sjálfsögðu, bæði míni vegna og barnsins.

Ég sagði engum frá því á þessum tíma hver faðirinn væri, ekki einu sinni lækninum mínum. Ég var svo hrædd um að verða sett í fóstureyðingu ef ég segði að faðirinn væri líka smitaður. Ég vissi ekki betur, en staðreyndin er sú að það eru ekkert meiri líkur á því að barnið smitist

þótt faðirinn sé smitaður. Sáð-fruman sjálf er ekki sýkt, heldur vökvinn, þannig að konan getur smitast þó svo að barnið verði alheilbrigrt, læknirinn

minn sagði mér það, þótt ég hafi ekki vitað það við getnaðinn. Auðvitað getur barnið smitast, en þá frá móðurinni, ekki föðurnum. Það sem þarf að varast er fyrst og fremst að hafa börnin á brjósti þannig að brjóstin eru strax þurrkuð upp. Síðan þarf náttúrlega að forðast blóðblöndun, eins og við alla aðra, ef maður er með sár og barnið er einnig með sár. Það er þetta sem þarf að varast.

## Barn tvö

Annað barnið okkar var planlagt. Ég var búin að ákveða fyrir tveimur til þremur árum að ég vildi eignast annað barn. Ég talaði eiginmann minn inn á það. Ég var búin að fá allar mögulegar upplýsingar frá lækninum mínum. Hann hvatti mig að sjálfsögðu ekki, en veitti mér allar upplýsingar. Í dag eru taldar 3% líkur á því að barn smitist við fæðingu, ef farið er eftir þeim ráðleggingum sem gefnar eru. Þegar ég eignaðist fyrra barnið fékk ég sýkingu og þess vegna var það tekið með keisaraskurði. Á þeim árum var einnig talið öruggara að taka börn smitaðra mæðra með keisaraskurði heldur en láta þau fæðast eðlilegri fæðingu. Núna er það hins vegar ekki talið nauðsynlegt. Seinna barnið okkar var einnig tekið með keisaraskurði, en við fæðinguna var dælt retróvíri í mig, beint í æð, til að efla móttöðu mína og barnsins.

Mörgum fannst við vera að taka mikla áhættu með því að eignast seinna barnið, en aðrir studdu okkur í þessu. Eldra barnið er orðið það stórt og allt hefur gengið vel. Fjölskyldur okkar beggja stóðu algerlega að baki okkur, en auðvitað hugsar fólk oft meira en það segir beint út. Aðrir voru með ákveðna gagnrýni: þið eigið eitt barn, er það ekki nóg? Jafnvel þau sem eru smituð sögðu þetta, líka konur sem eiga ekki börn.

Ég hugsaði á annan hátt á meðgöngu yngra barnsins en þess eldra. Ég er auðvitað bæði meðvitaðri, eldri og þroskaðri og geri mér kannski þess vegna meiri og betri grein fyrir ábyrgðinni og áhættunni. Á meðgöngu yngra

barnsins fékk ég smáónæmisbælingu, hjálparfrumunum fækkaði og veirumagnið jókst, að vísu var veirumagnið ekki mælt á þeim tíma sem ég gekk með eldra barnið, en seinni meðgangan var erfiðari. Samt tók ég lyfin alla meðgönguna og átti að gera það.


Yngra barnið hefur ekki heldur greinst smitað og verður vonandi ekki.

## Hann, hún, börnin

Þegar eldra barnið var á öðru ári þá var allt á einhverri niðurleið hjá mér og við urðum í sameiningu að hugsa þá hugsun til enda, hvað yrði um barnið ef allt færi á versta veg. Við vissum bæði að ef ég myndi deyja á undan þá yrði lítil framtíð í því að barnið yrði hjá pabba sínum sem myndi kannski deyja fljótlega á eftir. Ég gat ekki hugsað mér að barnið mitt lenti hjá vandalausum. Foreldrar mínr eru orðnir fullorðnir og ekki hægt að leggja slíka ábyrgð á þau. Bróðir minn var hins vegar reiðubúinn til að taka barnið og það var í raun frágengið að svo myndi verða. Mér fannst hræðileg lífsreynsla að undirbúa það að einhver annar tæki barnið mitt. Síðan lognaðist þetta út af af því að ástandið batnaði hjá okkur. En við vorum í raun búin að ganga frá öllum formlegum pappírum um það hvað yrði um barnið.

Lengi vel hugsuðum við aldrei fram í tímann, en fyrir tveimur, þremur árum fórum við að leyfa okkur að hugsa öðru vísu. Þangað til var hugsunin að við yrðum að lifa hraðar en aðrir, ferðast meira, sjá fleira, strax, vegna þess að við hefðum svo skamman tíma. Í dag höfum við einhvern veginn nögan tíma, við höfum til dæmis keypt okkur íbúð.

Í skólanum þar sem barnið okkar er veit fólk ekkert að við, foreldrnir, eru sýkt af HIV-veirunni, enda af hverju í ósköpunum ætti það að koma öðrum við?



Það er ekk-

ert að börnunum,

þau eru alheilbrigð, þótt eitthvað sé að okkur í blóðinu. Þótt ég vildi gjarnan koma opinberlega fram og segja: ég er smituð og ótalega venjuleg kona, hver sem er getur fengið þetta, þá geri ég það ekki barnanna vegna. Ég vil ekki hugsa þá hugsun til enda að eitthvað yrði gert gagnvart börnunum vegna þessa. Væri ég ein gerði ég þetta ef til vill, en það eru fleiri sem ég verð að hugsa um. Ég vil að börnin míni fái venjulega framtíð, eins og hver önnur börn. Þau eru venjuleg.

### Að deila reynslu og ráðleggingum

Ég leitaði fyrst til Alnæmissamtakanna árið 1991, mér fannst ég ekki þurfa þess fyrir. Þá hafði ég verið að vinna við afgreiðslu og einhverjar 'kjaftasögur komust á krek. Landið er svo lítið að það þarf ekki nema einn til að koma sögu af stað. Eigandinn sagði að viðskiptin minnkuðu og ég var rekin fyrir það eitt að vera smituð.

Ég hefði átt að fara í mál, því þetta var hreint mannréttindabrot. Ég gerði það samt ekki, en mér fannst ég alein og

varð að leita til annarra eftir styrk. Þá voru engar aðrar konur í Alnæmissamtökunum en ég fékk þar mikinn stuðning.

Núna hittumst við hópur gagnkynhneigðra, smitaðra einu sinni í mánuði, með félagsráðgjafa og það er mjög gott; Mér finnst nauðsynlegt að hafa hóp sem hægt er að ræða við.

Ég er orðin svo gömul í hettunni að ég er stundum fengin til þess að ræða við konur sem greinast núna með HIV-veiruna. Læknirinn minn hefur leyfi til þess að benda þeim á mig, vilji þær leita einhverra ráða. Ég hef eignast vinkonur á þennan hátt og það er mér mjög mikils virði. Ég held líka að það hafi gert þeim gott, af því að ég er svo bjartsýn.

Eina ráðið sem ég get gefið þeim sem ekki eru smitaðir er að passa sig. Það sést ekkert á fólkvi hvort það er smitað. Fólk hugsar því miður ekki nóg út í afleiðingarnar og ég veit að margir hugsa í dag: hvað, það eru komin lyf og er þá ekki allt í lagi! Maður læknast bara af HIV-smiti eins og af flensu eða einhverju öðru! En þetta er ekki þannig. Ímyndin hefur líka verið sú að fólk sem er smitað líti út á einhvern sérstakan hátt. Ég fór til dæmis á félagsmiðstöðvar hérrna í bænum fyrir nokkrum árum til þess að tala við krakkana. Þau vildu hreinlega ekki

trúa því að ég væri smituð af því að ég leit út eins og einn af kennurum, eða mamma

þeirra, en ekki eins og ímyndin sem þeim hafði verið gefin. Þegar ég smitaðist þá var það annar karlmaðurinn sem ég var með á ævinni – en það þarf bara einn í eitt skipti.

### Að lifa með HIV

Þau sem ekki eru smituð geta ekki sett sig í spor okkar. Eigum við að hafa einhverjar aðrar hvatir og langanir en þau, til dæmis hvort við viljum eignast börn eða ekki.

Ég er búin að vera sýkt nálega hálfst lífið og man ekkert hvernig var áður en ég fékk þennan sjúkdóm. Jú, það er einhver æska og annað henni skylt. Það sem gerðist áður er horfið, skorið burt, sína lífið búið. Ég fékk, að því er mér fannst, dauðadóm, það var það þá þótt það sé ekki dauðadómur í dag. Auðvitað mótar það mann. Ég gleymi aldrei sjúkdónum. Ég tek lyf á hverjum degi, það er allt sem minnir á. Ég lærði ekkert eftir að ég greindist, mér fannst aldrei taka því að verða eitt-hvað, það var engin framtíð til. Ég er auðvitað búin að vera úti á vinnumarkaðnum eftir að ég sýktist en ég fæ enga almennilega vinnu, ég hef enga reynslu og ef ég er spurð: af hverju hefurðu ekki reynslu? Á ég þá að segja: ja, ég er búin að vera heima öryrki, ég er búin að vera á örorkubótum, og út af hverju? Þetta er erfitt. Núna er ég í fæðingarorlofi og svo ætla ég bara að sjá til hvað ég geri.

Maðurinn minn er búinn að vera í fastri vinnu, stöðugt. Hann hefur verið það frískur.

Margt annað í lífinu sem maður tekst á við dags daglega verður svo lítilfjörlegt þegar við höfum stöðugt miklu, miklu stærra vandamál til að glíma við. Að sumu leyti hjálpar það líka, maður veltir sér ekki eins upp úr smámunum.

Ég hef alltaf verið talin mjög sterk sem einstaklingur og það sem ég hef gengið í gegnum hefur styrkt mig. Það er kannski skritið að segja það en ég hefði ekki viljað fara á mis við þá reynslu sem ég hef haft með þennan sjúkdóm. Allt sem ég hef upplifað í kringum hann. Ég hugsa stundum hvað

ég væri ef ég hefði ekki sýkt. Ég væri örugglega ekki jafn rík í dag af öllu og ég er, ég er alveg fullviss um það. En vissulega hef ég barist og þurft að berjast og segja mína meiningu.

Ég held að það sé rosalega erfitt að vera heterósexúal karlmaður, smitaður. Hugsa ekki allir: hann hlýtur að hafa sofið hjá öðrum karlmanni. Það er talið mjög erfitt að smitast af konu, allavega mun minni lískur. Þess vegna finnst mér að það geti verið miklu erfiðara fyrir manninn minn. Hann talar mest við mig, en samt þurfum við ekki að ræða þetta, mikið. Að öðru leyti lifum við ósköp venjulegu lífi.

Ég átti mér þann leynda draum að horfa á eftir barninu mínu ganga af stað í skólann, með bakpokann á bakinu á sínum fyrsta skóladegi. Nú hef ég upplifað það og gott betur.

PEGAR ÉG SMITAÐIST PÁ VAR ÞA  
ANNAR KARLMAÐURINN SEM ÉG  
MED Á ÆVINNI – EN ÞAÐ ÞARF E  
EINN Í EITT SKIPTI.

LENGI VEL HUGSUDUM VIÐ ALDREI  
FRAM Í TÍMANN.

Birna Þórðardóttir

# Þöglar hamfarir að leggja

# Afríku í eyði



**I**laglegu litlu húsi situr Nowetu Bessie og veltir fyrir sér framtíð barna sinna. Hún á þrjú börn, stúlku sem er 15 ára og two stráka, 18 og 13 ára. Hún hefur áhyggjur af drengjunum. Sá eldri er í slagtogi við unglingsagengi og hefur lent í útistöðum við lögregluna en sá yngri, Sipho sem þýðir gjöf, hefur verið eitt-hvað veiklulegur upp á síðkastið. Hún óttast að hann sé með alnæmi eins og hún sjálf.

Nowetu á heima í blökkumanahverfinu Khayelitsha fyrir utan Höfðaborg. Mörg húsín í hverfinu eru ömurleg hreysi, timburkumbaldar klæddir bárújarni sem hefur varla tekið meir en þrá eða fjóra daga að reisa. En ekki húsið hennar Nowetu. Bróðir hennar rekur knæpu út úr hliðarherbergi á snotru hvítkölkúðu múnsteinsþúsi og hún er greinilega skör ofar í þjóðfelagsstiganum en nágrannar hennar. Þegar ég ræði við hana er hún tiltölulega nýkomin aftur heim eftir veikindakast og litur ágætlega út.

„Ég varð fyrst vör við sjúkdóminn þegar ég fór að fá hausverk, léttist og varð mjög slöpp,“ segir Nowetu. „Læknar sögðu að ég væri með berkla og lungnabólgu. Svo var ég send á spítala.“

Rauðakrosskonurnar sem heimsækja Nowetu reglulegala segja að á þessum tíma hafi dóttir hennar, sem þá var nið ára, ekki farið í skóla af því að hún var að hugsa um móður sína. Eiginmaðurinn veiktist og dó ári síðar. Hann vildi ekki láta rannsaka hvort hann væri með alnæmi.

Saga Nowetu er keimlík sögu milljóna kvenna í Afríku, einkum í sunnanverðri álfunni. Hún smitaðist af HIV-veirunni að öllum líkindum af manni sínum. Smitunin kom í ljós þegar hún var prófuð eftir að eignast yngri soninn.

Nowetu var heppin. Hjúkrunkona á vegum Rauða krossins heimsótti hana reglulegala og í gegnum þá þjónustu komst hún inn í rannsóknaráætlun á vegum sjúkrahúss og var gefið AZT-lyf í tilraunaskyni. Prisvar komst hún yfir erfiða hjalla á veikindaferli sínum, þökk sé lyfagjófinni.

Fæstir alnæmissmitaðir Afríkubúar njóta slíkra lyfja. Til þess eru þau allt of dýr og illa hefur gengið að fá alþjóðleg lyfjafyrirtæki til að gefa lyfin eða lækka verðið svo mikil að almenningur hafi efni á þeim.

Í fátækrahverfum Suður-Afríku er fjórði hver maður HIV-smitaður. Í landinu öllu er fimmri hver maður smitaður, og þá er verið að tala um fólk á aldrinum 15–49 ára. Svipaða sögu er að segja í Namibíu og Zambíu en í Zimbabwe eru 25 prósent smituð og 36 prósent í Botswana. Það þýðir einfaldlega að á næstu árum mun rúmlega þriðjungur fullorðinna manna




Nowetu Bessie og sonur hennar Sipho á heimili sínu í Khayelitsha. Nowetu óttast að sonurinn væri smitaður eins og hún.

Ljósmyndir Þórir Guðmundsson.



Suður-afríski Rauði krossinn rekur samkomustað í fátekráhverfum Höfðaborgar þar sem HIV-smitaðar mæður koma saman. Fæstar þora að viðurkenna fyrir nágrönum sinum og jafnvel fjölskyldum að þær séu smitaðar.



Ef svo fer sem horfir verða 40 milljónir barna munaðarlausar í Afríku eftir tju ár og það verður hundarlitum Afríkuríkjum gjörsamlega um megn að sjá þeim farþóra. Flest landa því á götunni.



Sjálfböðaliði Rauða krossins í Zimbabwe útskýrir smitleiðir alnæmis fyrir þorpsbúum í efskekktu héraði vestan við höfuðborgina Harare.



Hjúkrunarkona  
Rauða krossins  
leimstekir  
Lennox Cefal í  
kófa hans í einum  
fátekfesta hluta  
hvíferfisins. Eina  
ljósíð er af kerti  
og veggföðrið er  
síður gamalla  
dagblaða. Lennox  
do skommu síðar.

- karla og kvenna - í Botswana jálast af völdum alnæmis.

Lífslíkur hrapa. Í Botswana gat meðalmaðurinn gert ráð fyrir að verða 61 árs fyrir fimm árum en nú ekki nemá 47 ára. Eftir fimm ár er talið að lífslíkur verði 41 ár og 33 ár 2010, ef ekkert verður að gert. Í Zimbabwe er talið að meðalmaðurinn hefði getað vænst þess að ná 70 ára alðri 2010 ef ekki væri fyrir alnæmisfaraldurinn. Vegna alnæmis er talið að hann muni lífa helmingi skemur, eða í kringum 35 ár.

Alls eru 24 milljónir íbúa Afríku HIV-smitaðir og að öllum líkendum munu þeir allir deyja drottni sínum innan áratugar. Á hverjum degi deyja 6.000 Afríkubúar úr alnæmi og 11.000 smitast.

Lester R. Brown forstöðumaður Worldwatch stofnunarinnar í Bandaríkjunum bendir á enn sé ekki búið að kanna til hlítar hvaða áhrif alnæmisplagan muni hafa á þjóðfélög í Afríku. Til dæmis smitast konur gjarnan fyrr en karlar vegna þess að yngri konur eru líklegri til að hafa mök við eldri karlmenn heldur en yngri karlmenn að hafa mök við eldri konur. Á aldurskeiðinu 15–19 ára smitast konur í fimm sinnum meiri mæli heldur en karlar. Vegna þess að þær smitast fyrr þá deyja þær fyrr, jafnvel áður en þær eignast börn. Barneignum fækkar þess vegna og búast má við að brátt fari að vera fleiri karlar en konur í Afríku. Margir karlar munu þá væntanlega ekki kvænast eða neyðast til að flytja sig um set til að leita að kvonfangi.

Það verða líka miklu fleiri munaðarlaus börn. Ef að líkum lætur verða 40 milljónir barna án foreldra árið 2010. Næsta víst er að stórt hluti þeirra muni alast upp á götunni, eftirlitslaus, ólæs og aðþrengd.

Í álfunni má víða sjá heilu þorpin þar sem vart er að finna aðra en ung börn og gamalmenni. Miðkynslóðin er horfin. Læknir Rauða krossins sem ég ræddi við sagðist kunna sögu úr sínu heimalandi, Tansaníu, af gömlum hjónum í þorpi úti á landi sem grátbáðu son sinn í höfuðborginni að koma ekki aftur í heimaþorpið. Öll systkyni hans voru nefnilega dáin og gömlu hjónin héldu að þau hefðuáið úr einhverri hræðilegri pest sem lagst hefði á þorpið.

Í Zimbabwe hitti ég Dimbo Kindman, unga stúlkum sem hafði misst foreldra sína í helgreipar alnæmis. Hún var á skrifstofu Rauða krossins í Mashonaland West að sækja lyf fyrir afa sinn og ömmu. Hún hafði gengið langa leið til að ná í lyfin, augljóslega veik sjálf. Við gáfum henni far heim í þorpið og ræddum þar við ömmu hennar, Josephine Gowo.

„Við erum með þrjár ekrur lands en það er ekki nóg til að hafa eithvað afgangs til að selja,“ sagði hún. Fjölskyldan hefur því nóg til að borða en ekkert umfram það fyrir öðrum lífsnauðsynjum og ekkert til að safna í sarpinn til mögru áranna. Josephine er með sex munaðarlaus börn á framfæri sínu. Fjórar dætur hennar og eiginmenn þeirra eru öll dáin.

Petta er að gerast í þorpum um alla Afríku. Í Zimbabwe er talið að uppskera í þorpum landsins hafi minnkað að meðaltali um helming af því að unga og dugmikla fólk er allt að falla frá. Sums staðar eru svo mórg dauðsföll í hyrrí viku að fólk er hætt að mæta í jarðarfari.

Til þess að hefta útbreiðslu alnæmis þarf öfluga fræðslu. Reynslan frá Úganda sýnir það. Þar í landi tóku stjórnvöld sig til og hófu samræmt fræðslustarf sem nær allir hópar og stofnanir í þjóðfélaginu tóku þátt í. Stjórnmálamönnum var gert að minnast á alnæmisvandann í öllum sínum ræðum. Skilaboðin voru í öllum tilvikum þau sömu, hvort sem um var að ræða forseta landsins, trúarleiðtoga müslima eða kristinna og jafnvel töframaðurinn í borpinu var hafður með í ráðum. Árangurinn var sá að nýsmítun minnkaði verulega og nú hefur fullorðnu fólk með alnæmi fækkað úr 14 prósentum í átta prósent. Nú horfa ríki í sunnanverðri Afríku til Úganda sem fyrirmyndar að því hvernig hægt sé að berjast gegn þessum mikla vágesti.

Rauða kross hreyfingin var lengi aðgerðalitil á meðan alnæmisplágan breiddist út í Afríku, ef frá eru talin verkefni einstakra deilda og landsfélaga. Þannig jökkst vandinna ár frá ári í Suður-Afríku en eina starfið sem einhverju nam fór fram í fátækrahverfum Höfðaborgar, styrkt af Rauða krossi Íslands. Í Mósambík hefur Rauði kross Íslands fjármagnað aðstoð við götubörn, en þau eru í verulegri hætti á að verða alnæmi að bráð.

Nú er búið að samþykkja 10 ára áætlun í heilbrigðismálum afrískra Rauða kross félaga, en hornsteinn hennar er að blásá nýju lífi í baráttu Rauða krossins gegn alnæmi. Fyrst og fremst á að efla fræðslu og þá einkum með því að beita sjálfboðaneti því sem þegar er til staðar. Rauða kross félögin í Afríku eru nefnilega með tvær milljónir sjálfboðliða, sem búa í sveitum og borgum um alla álfuna. Þetta er fólk sem nær árangri af því að það er að tala við nágranna sína, vini og fjólskyldur með þeim aðferðum – og talandi það tungumál – sem þarf á hverjum stað.

Rauði kross Íslands ætlar að styðja félaga sína í Afríku við þetta erfiða verkefni. Á þessu ári og næstu tveimur árum hefur félagið einsett sér að safna 50 milljónum króna til verkefna sem munu ná yfir fimm ára tímabil. Í söfnuninni Göngum til góðs, sem nú er yfirlaðin, söfnuðust um 22 milljónir. Framlög styrktarmanna á þessum þremur árum munu fara til alnæmisverkefna í Afríku en nú er markvisst unnið að því að fólga styrktarmönnum, sem greiða 2.500 krónur árlega. Peir sem vilja gerast styrktarmenn og styðja þannig alnæmisbaráttuna í sunnanverðri Afríku geta haft samband við Rauða krossinn í síma 570 4000 eða litlum inn á vef félagsins, [www.redcross.is](http://www.redcross.is). Þar er hægt að skrá sig sem styrktarfélaga og finna margvíslegar upplýsingar um hinn mikla mannúðarvanda sem alnæmisfaraldurinn í Afríku er.

Ljóst er að í starfinu framundan er á brattann að sækja. Nýsmít eykst enn í flestum löndum Afríku, jafnvel þar sem fjórðungur fullorðins fólks gengur um með HIV-veiruna í líkamanum. Ungir baráttumenn innan raða Rauða krossins í Afríku er sannfærðir um að nauðsynlegt sé að efla fræðslustarfíð með beinskeyttari skilaboðum. Ekki dugi lengur að ráðleggja fólk að stunda ekki kynlif utan hjónabands heldur verði að sýna með dramatískari hætti afleiðingar alnæmis. Herskár áróður af þessu tagi um sjúkdóm sem tengist


kynlifi á ekki upp á pallborðið hjá öllum en þeir sem berjast gegn alnæmisplágunni segja að nú dugi ekki lengur nein vettlingatök. Framtíð heillar heimsálfu sé í veði.

Fyrir Nowetu Bessie er það of seint. Hún dó um mánuði eftir að ég hitti hana.


**Pórir Guðmundsson**  
upplýsingafulltrúi Rauða kross Íslands



Sjálfboðalíðar Rauða krossins heimsækja Dimbo Kindman og ömmu hennar í þorpi í Mashonaland West í Zimbabwe.



Hjúkrumarkonur Rauða krossins baða Christine Kolaba í snotru litlu hási í betri hluta Khayelitsha. Christine var komin á lokestig alnæmis og dó skömmu síðar.



Í húsneði Rauða krossins gefst tækifæri til hennyrða, en afriksturinn er seldur og veitir heimilinu auknar tekjur. Rauði krossinn hefur fengið fyrirtæki til að gefa manna dríku

**Apotekíð**



**BÓNUSSÍS**  
BÓNUSSÍS  
REYKJAVÍK KÓPAVOGÚ HAFNARFIRÐI

**ICELANDAIR**

# HAMPIÐJAN

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

**ÍSLANDSBANKIFBA**

**MANNSBAR**  
gay reykjavík

Besta lækningin að sættast við hlutskipti si

# Hlutskiptin

**G**uðanna bænum ekki misskilja fyrirsögnina á þann hátt að sé á ferð einhver predikari, prestur, að halda yfir þér að með því markmiði að fjölga í sauðahjörð sinni. Þvert á 1 á boðskapurinn að gefa lesandanum tiltrú á sjálfan sig. Þú ert (sem HIV-smitaðun) dauð(ur) úr öllum æðum. Ég þori varla að s að það sé ljós við enda ganganna, það hljómar í mínum eyrum við og hálft falskt. Samt læt ég mig hafa það og geri það með markmiði að stappa stálinu í þjáningabréður mína. Ekki falla gryfju að skipuleggja hvern dag fyrir sig, horfðu lengra fram, 1 leyfa það og gera það raunhæft. Annað er uppgjöf. Auðvitað er við missterk andlega og því misjafnlega í stakk búin að takast á hvunndaginn, hvað þá heldur alla framtíðina. Farðu ekki í grafg með það að örlagtrú er húmbúkk, aðstaða þín í dag er ekki áské refsing.

HIV-smitaðir skiptast í two flokka hvað varðar félagslega miða leika þeirra í samféluginu, þá sem hafa greinst snemma og þá greindust of seitn.

Fyri hópurinn getur með góðu móti farið í felur eða tekið þá samféluginu án þess að upp um þá komist. Það hangir samt alltaf þeim óttinn um að ofan af þeim verði flett. Þetta er mjög óæsk staða að kjósa sér, hún fer illa með sálina. En hún er líka nskiljanleg. Það er ekki hægt að lá þessum einstaklingum löngunin að lifa næstum eðlilegu lífi. Sjálf kusum við hjónin þessa leið í heár. En það kom mér algerlega í opna skjoldu að komast að því (ef ár) að fólk í kringum okkur var farið að gruna sannleikann svæðinga frá upphafi. Bæði bárum við óttann um að ofan af okkur flett og sá ótti var mjög erfið byrði. En það eru alveg hreinar línu ég hefði misst mína vinnu (og mig raunar grunar að það hafi vorsókin fyrir uppsögn minni sem kom mjög óvænt) ef við hef gert lýðum ljóst hvar staða okkar var.

Hinn hópurinn er augljóslega verr staddur. Einstaklingar í þá hópi bera sjúkdóminn utan á sér og hafa að miklu eða öllu leyti ta starfsorku. Þetta er auðvitað ekki hægt að fela.

Sjálfur var ég kominn á það stig áður en lyfjameðferð míni h. Ég vann og veiktist erlendis og við komuna hingað var því svo ko að fleiri en ég þekkti voru komnir með vitneskju um mitt ástand. mátti því segja að þá þegar hafi ég verið búinn að tapa því sem ta getur við uppljóstrun sem þessa. Fram að þeim degi hafði mér te að útiloka alla þanka um sjúkdóminn. Ég stend mig að því aftur að reyna að rifja upp hvort mér í rauninni leið illa eða ekki ár sem liðu fram að komu minni til landsins. Var ég virkilega barnalega einfaldur að gera mér alvöruna ekki ljósa – alger óvit um að endalok væru í sjónmáli. Ég nefndi áður að tíminn með k minni hafi verið okkur erfið byrði. Í mínu tilfelli voru allar m áhyggjur og byrði fjölskyldu- og fjárhagslegar. Að deyja frá 4 bi um, allslausum. Á þessu tímabili skorti mig markmið sem náði

# u misjöfn en ...

yfir hugsunina um dauðann, um lífið í ellinni. Fyrsta skrefið í þá átt steig ég þegar míni heittelskaða gaf upp öndina í hjónarúminu við hlið mér. Þá varð mér fyrst alvaran ljós og fyrsta ákvörðunin varð til. Blessa skildi hvern dag sem vaknað væri á lífi og ég hundur heita ef hann færi til spillis. Við látt konunnar var ekki hægt að leyna neinu lengur og þó fyrir hefði verið. Við fráfall hennar var sáttmáli okkar um launung úr gildi genginn og ég veit hún fyrirgefur mér fyrir að segja að mér var létt við að losna undan oki sáttmálan. Fullri sátt við hlutskipti mitt náði ég svo við heimkomuna eftir að ljóst var að allir vissu allt. Léttinn í salinni við að vera aftur kominn upp á yfirborðið kaupi ég kannski dýru verði, það á eftir að sýna sig ennþá, með lömuðum starfsframa og auraleysei. Þrátt fyrir að eiga fyrir stórra fjölskyldu að sjá í fjarlægum heimshluta þá hugga ég mig við léttinn að losna undan laumuspílinu og sjálfsblekkingunum sem ekki eru mínar sterku hliðar. Grallarinn Woody Allen sagði einhverju sinni um lífið: „Peningar eru ekki allt, en mikið djöfulli er gott að hafa þá.“ Húmorinn verður að vera í lagi, ekki satt?

Sjálfur hef ég ekki hugsað mér að fara út í þá hugsanlegu auðmýkingu að leita að launavinnu á frjásum markaði. Það þarf enginn að segja mér að ég standi jöfnum fótum og starfsbraeður míni. Fordómarnir sýnast mér vera óbreyttir þegar út í lífið er komið. Orðsúr deyr aldreiði segir einhvers staðar. Stuðarinn á mínum er illa beyglaður og svoleiðis skrjóð vill enginn sjá.

Ergo: Ekki er allt gott fyrir fólk í okkar stöðu en nögu gott til að geta sætt sig við. Við verðum að sjálfsögðu að bera okkur saman við stöðu annarra alvarlega veikra. Stjórmálin og félagsmálin eru eilifðardeilumál sem við getum aðeins haft áhrif á í næstu kosningum. Gleyptu skammtinn þinn eins og vera ber og ef þú tilheyri meirihlutanum þá heldurðu bó lífi í tilverutuðrunni. Með hjálp góðs fólks hefur mér tekist að ná sáttum við mitt hlutskipti. Pannig hefur mér liðið best eftir kvalafullann aðskilnað við mína heittelskuðu og 7 ár í móðu óvissunnar.

HH

Ljósmynd: Inga Sólveig Friðjónsdóttir



# UNGLINGAR

Á landsmóti félagsmiðstöðva haustið 2000 var meðal annarra verkefna sett upp smiðja um kynlíf og alnæmi. Hópur ungmenna á aldrinum 13 til 15 ára tóku þar þátt í umræðum og verkefnum um þessi tvö málefni.

Í framhaldi af landsmótinu efndu félagsmiðstöðvarnar og Alnæmissamtókin til ljóða- og smásagnakeppni meðal unglings um alnæmi. *Edda – miðlun og útgáfa* gaf þjár bækur í verðlaun, fyrstu verðlaun eru *Ritsafn Steins Steinars*, önnur og þriðju verðlaun eru ljóðabókin *Orð og mál* eftir Björn Sigurbjörnsson.

Vinningshafar eru:

- verðlaun: Siggeir F. Ævarsson fyrir ljóðið „HIV og Afríka.”
- verðlaun: Esther Valdimarsdóttir og Bergrún Sævarsdóttir fyrir smásöguna „Alnæmi.”
- verðlaun: Elín Jakobs fyrir ljóðið „Alnæmi.”



Pað kom fljótlega í ljós að þessi aldurshópur veit mun meira um kynlif en almennt er gert ráð fyrir en það voru margar spurningar sem brunnu á þeim.

Fyrir hádegið voru fjörugar umræður um ýmislegt sem tengist kynlifi og kynhegðun. Meðal annars var rætt um kynfræðslu í skólum landsins, mismunandi kynhlutverk, klám, hvenær einstaklingur er tilbúinn til að byrja að stunda kynlíf, getnaðarvarnir og kynsjúkdóma.

Eftir hádegið kom Sigurlaug félagsráðgjafi sem hefur mikið unnið með HIV-smituðum og alnæmissjúklingum. Hún fræddi unglingsana um alnæmi og hvaða áhrif það getur haft að smitast, bæði fyrir einstaklinginn sjálfan og aðstandendur hans.




Unglingarnir töku þátt í hlutverkaleik þar sem þeir þurftu að setja sig í spor einstaklinga sem fá vitneskju um það að vera smitaðir og þurfa að segja sínum nánustu fréttirnar. Miklar umræður spunnust í kringum þetta verkefni og unglingsarnir höfðu greinilega um mikið að ræða í sambandi við það. Seinna var tekist á við að semja slagorð fyrir því að byrja að stunda kynlíf og fyrir því að bíða með það.

Smiðjan þótti takast afskaplega vel. Unga fólk var mjög virkt og ófeimið að koma skoðunum sínum á framfæri.

Pað er okkar skoðun að þessi smiðja hafi verið mjög lærdómsrík, bæði fyrir unglingsana og okkur. Hún var skemmtileg og fræðandi og fram komu áhugaverð atriði sem upplagt er að nýta í smiðjuna að ári.

Dagbjört (Miðbergi) og Hrefna (Frostaskjóli)

# ræða um alnæmi



## Alnæmi

Ég lifði ósköp venjulegu lífi fyrir 7 árum. Ég hafði verið gift í 15 ár og átti tvö börn. Ég lifði fyrir börnin mínn. Þau voru og eru mér allt. Börnunum mínum gekk vel í skólanum og maðurinn minn var í vel borgaðri vinnu. Ég og maðurinn rifumst næstum aldrei. Þótt flest fólk myndi segja að ég lifði „hinu fullkomna lífi“ hefur mér alltaf liðið eins og í fangelsi. Ég átti mér ósköp lítið líf, var heima alla daga og hugsaði um börnin og heimilið. Þegar ég var ung stefndi ég hátt í lífinu. Ég ætlaði að verða arkitekt en ekki húsmóðir. En svo kynntist ég manninum mínum og varð ólétt. Ég hætti í skóla til að hugsa um barnið. Þegar ég vildi svo fara að vinna fannst manninum mínum það fráleit hugmynd. Það var held ég eina skiptið sem við virki-lega rifumst. Hann samþykkti loks að ég færí að vinna eftir nokkur ár en svo varð ég ólétt aftur. Ég hélt áfram að hugsa um heimilið en þráði eða bók-staflega vantaði spennu í lífið eða ætti ég að segja ævintýri. Ég get ekki útskýrt hvernig ég lenti uppí rúmi með manni 9 árum yngri en ég sjálf. Ég bara var ekki að hugsa. Þetta gerðist bara einu sinni. Samviskan nagaði mig að innan, ég var andvaka á nótturni og fjarlægðist mannin minn stöðugt. Þetta gerðist bara einu sinni en það var nóg. Ég hafði smitast af HIV. Hvernig átti ég að segja fjölskyldunni minni frá þessu. Tilhugsunin við að þurfa segja börnunum að ég myndi deyja bráðum var svo sár. Ég gat ekki sagt þeim frá þessu. Dóttir mínn var orðin nógu gömul til að fatta að ég hafði verið manninum mínum ótrú. Seinna meir myndi svo sonur minn skilja að ég hefði dáið frá þeim vegna þess. Mér fannst nógu erfitt að horfast í augu við sjúkdóminn sjálf, ég vildi ekki þurfa að segja þeim frá þessu. Ég laug að þeim að í nokkurn tíma að lyfin sem ég tók væru við mígrenisköstum. Að lokum brotnaði ég niður og sagði þeim að ég væri með HIV. Syni mínum sagði ég bara að ég væri mjög veik en manninum mínum og dóttur sagði ég allt. Pennan dag rifjaðist upp fyrir mér af hverju ég hafði orðið ástfangin af manninum mínum. Hann tók þessu auðvitað ekki vel en hann fyrirgraf mér framhjáhaldið og hjálpaði mér að útskýra sjúkdóminn fyrir börnunum okkar og svo fyrir fjölskyldunni minni. Hann hefur stutt mig í þessi 7 ár sem ég hef barist við sjúkdóminn. Undanfarin ár hef ég farið í skóla og félagsmiðstöðvar og frætt unglingsum sjúkdóminn. Þegar ég skrifa þetta er ég á spítala. Meðan ég bíð dauðans get ég ekki hugsað um annað en fjölskylduna mína. Ég veit að handan við hornið er nýr og bjartari heimur þar sem við munum vera sameinuð á ný. Heimur þar sem eru engir sjúkdómar og ég geri ekki mistök sem kosta mig lífið.

Esther Valdimarsdóttir og  
Bergrún Sævarsdóttir

## Alnæmi

Alnæmi er tómið  
Alnæmi er þjáning  
Skuggi hvíslir yfir salinni  
og aldrei virðist ætla að léta til  
Ég finn vindinn hvína fyrir eyrum  
Nú er allt bjart  
Morgunsólin rís í austri!  
Loksins er ég frjáls

Elín Jakobs, 14 ára

## HIV og Afrika

Í Afriku ríkir fár og hungur,  
þar er enginn leikur að vera ungr.  
En mennirnir þar eru þó alls engar gungur,  
þeir veiða ljón og skera úr þeim tungur.


Það er eigi gaman til þess að vita,  
að börnin í Afriku fá aldrei ætan bita.  
Engan þar hrjáir offita,  
og daglegt vandmál er skita

Svo til að bæta svörtu ofan á grátt  
átt fólkjóð apakjótið hrátt.  
Síðan fengu sér flesur drétt,  
er nú fólkjóð orðið frá varfatt.

Í Afriku er enginn fullorðinn lengur,  
adeins gamall maður ellegar ungr drengur.  
Til lengdar þetta ástand ekki gengur  
og í Afriku verður enginn mannfengur.


Í Afriku er lifið að fjara út,  
Guð hefur rekið að það endahnút.  
Við þerrum tárin með vasaklút  
og göngum í burtu, niðurlut.

Siggeir F. Ávarsson



# ALÞJÓÐLEG

## alnæmisráðstefna í Suður-Afríku



Útifundur við  
ráðhúsið í Durban

**H**rettánda alþjóðlega ráðstefnan um HIV og alnæmi var haldin dagana 9.-14. júlí síðastliðinn í Durban í Suður-Afríku. Ég undirritaður var svo lánsamur að hljóta styrk frá ráðstefnuhöldurum til að sækja ráðstefnuna. Ég átti svo sem ekki von á því þegar ég sótti um hann, en gögn um það voru send til Alnæmisamtakanna á Íslandi og HIV-jákvæðir einstaklingar hvattir til að sækja um — ég held ég hafi verið sá eini sem gerði það. Styrkurinn hljóðaði uppá farareyri, ráðstefnugjöld og vasapeninga meðan á ráðstefnunni stóð, hótelkostnað þurfti ég hinsvegar að greiða sjálfur og fékk styrk fyrir honum frá Alnæmissamtökunum og Öryrkjabandalaginu. Ég sótti ráðstefnuna eingöngu sem HIV-jákvæður einstaklingur, en ráðstefnuhaldarar leggja áherslu á að fá sem breiðasta þáttöku allra þeirra sem að málefni koma, þ.e. heilbrigðisstarfsfólks, vísindamanna, starfsmanna alls kyns samtaka bæði á vegum ríkis og einnig frjálsra, en ekki síst HIV-jákvæðra og fólks með alnæmi.

Ferðalagið var langt og strangt eins og gefur að skilja, enda Durban nánast nákvæmlega hinum megin á hnettum, það tók alls 32 klukkustundir að komast á leiðarena. Flogið var í gegnum Frankfurt,

þar þurfti ég að bíða 8 klukkustundir og síðan aftur 6 klukkustundir í Jóhannesborg. Lunga ferðarinnar var þó næturflug frá Frankfurt til Jóhannesborgar þannig að ég gat sofið vært nánast alla leiðina og tímamismunur milli Reykjavíkur og Durban er ekki nema 1 klukkustund.

Á flugvellinum í Durban hafði eitt flugskýlið verið útbúið til móttöku ráðstefnugesta, þannig að við gengum ekki í gegnum flugstöðina heldur fórum strax í

rútum að þessu flugskýli sem var allt kyrfilega merkt AIDS2000. Þar tóku á móti okkur dansarar og söngvarar og skemmtu meðan við biðum eftir farangri og biðum þess að fá að vita hvar við byggjum. Ég fékk loks að vita að ég ætti að búa á hóteli í Petermaritzburg sem er um 100 kílómetrum fyrir utan Durban, að lokum var haldið þangað. Á leiðarena kom ég örþreyttur á miðnætti, 40 stundum eftir brottför frá Reykjavík, og sofnaði fljótegla vært.

Daginn eftir gafst mér kostur á að skoða mig lítillega um í Petermaritzburg og hvíla mig eftir ferðalagið.

Þann 9. júlí var svo ráðstefnan sett í Durban, ég og félagar mínr, sínar í Petermaritzburg, vorum komin á fætur kl. 6 og sótt kl. 7 og ekið til Durban, það ferðalag


tók 2 klukkustundir í löggreglufylgd – þannig átti það eftir að vera alla dagana.

Fyrir utan Ráðstefnuhöllina var mikið um að vera begar við komum þangað, löggregla og vopnaðir öryggisverðir á hverju strái fyrir utan ráðstefnugesti sem voru alls 12 þúsund manns eða þar um bil. Skráningin gekk þó furðu hratt fyrir sig og ég var kominn með rauðan bakpoka sem innihélt ábyggilega 10 kg af gögnum fyrr en varði, eins og allir hinir — héðan í frá gat maður svo bekkt ráðstefnugesti hvar sem var í borginni á rauðu bakpokunum. Það sem eftir lifði dagsins fór síðan í að skoða svæðið og kynna sér það sem í boði var.

Um kvöldið var svo eiginleg setninggarhátið. Hún hófst í skemmtigarði við ráðstefnusvæðið, þar var öllum boðið uppá mat og drykk, starfsfólk gekk um með bakka hlaðna kræsingum og þarna var langborð þar sem boðið var uppá bjór eða vín. Gestir gengu um afslappaðir og nutu skemmtiatriða sem fóru fram á litlum pöllum hér og þar um svæðið, ungt fólk sýndi fimleikakúnstir og ýmis þjóðleg söng- og dansatriði Zúlúmannna. Þeir eru heimamenn í þessu héraði sem heitir Kwazulu-Natal og Durban er höfuðborg í. Að þessu loknu var farið inn á íþróttaleikvang rétt við ráðstefnusvæðið, þar fór svo fram alveg hreint stórkostleg skrautsýning. Einhver hafði á orði að hún minnti einna helst á opnum olympíuleika eða einhvers svipaðs – betta var mikil skrautsýning, lazer, flugeldar söngur og dans, allt mjög fallega gert, leikvanguðinn þétt skipaður fólk sem allt hafði sæti, og uppfir sveimuðu þyrlur sem gættu þess að allt fær vel fram. Mbekhi forseti Suður-Afríku setti svo ráðstefnuna formlega.

Daginn eftir hófst svo ráðstefnan fyrir alvöru og aldeilis af nógum að taka til að fylgjast með.

Athyglín beindist eins og gefur að skilja einna mest að ástandinu í Afríku, einkum þó sunnan Sahara. Þar er ástandið hvað ömurlegast í heiminum hvað varðar HIV og alnæmi. Í Suður-Afríku er talið að um 20% fólks á aldrinum 15-49 ára sé smitað af HIV, í Botswana er um 35% fólks á sama aldrí talið smitað af veirunni, og í Lesótó (konungsríki inni í miðri Suður-Afríku) um 24%. Til samanburðar er sambærileg tala fyrir Ísland 0,14%. Gífurleg aukning hefur orðið á þessu svæði síðastiðin 10 ár, 1989 er talið að smitaðir einstaklingar hafi verið þar í kringum 5%. Aðrar sláandi tölur eru að talið er að af þeim 33 milljónum fullorðinna smitaðra í heiminum búi um 24 milljónir í Afríku. Ekki er skriftið þó talað sé um Afríku sem hina deyjandi heimsálfu. Ástæður þessarar miklu útbreiðslu og öra smits eru án efa margvíslegar. Mbekhi forseti hélt því fram í setningarræðu sinni að þær væru án efa fyrst og fremst fátaðt og menntunaraskortur á þessu svæði, það má eflaust til sannsvegar færa. Að minnsta kosti sagði mér fólk þarna sem starfar að forvörnum að mjög erfitt sé að koma skilaboðum áleiðis, fólk hreinlega trúi ekki tilvist HIV og alnæmis af því að einkennin sjást ekki. Og nóg er af öðrum sjúkdóum sem taka athyglina svo sem vannaring,



malaría, berklar og fleiri. Og hindranir eins og til dæmis ólæsi eru stór þrándur í götu þegar kemur að fræðslu og forvörnum, hvað þá skortur á fjármagni, bæði hvað varða kostun á forvarnarstarfi þriðja aðila en eins þess að fólk hefur hreinlega ekki aura aflögu.

Og fleiri sláandi tölur. Ég held ég fari rétt með að hér hjá okkur Á Íslandi séu líkur til að HIV jákvæð móðir smiti barn sitt ófett, í fæðingu eða fyrstu 24 mánuði um 2% en hins vegar eru í Afríku 98% líkur á að smit eigi sér stað. Ástæðurnar eru einkum þær að móðirin hefur ekki kost á fæðingu með keisarakurði, og hún hefur ekki kost að næra barn sitt á öðru en brjóstamjólk, þar er fátækt bersýnilega ein aðal orsókin. En þrátt fyrir þessar ömurlegu staðreyndir um að því er virðist vonlausa baráttu við HIV og alnæmi í Afríku er samt von um að takast megi að hefta útbreiðslu og veita smituðum og sjúkum aðstoð. Á ráðstefnunni kom fram að góður árangur hafi náðst í Úganda, þar sem fyrir nokkrum árum varð algjör sprenging í útbreiðslu – þar hefur tekist að draga verulega úr nýsmitti.

Á ráðstefnunni var rætt mikið um aðgang fólkis á þessu svæði að „undralyfjunum.“ Sá aðgangur er ekki til staðar, fólk býr ekki við tryggingakerfi eins og við þekkjum það á vesturlöndum, heldur verður það að greiða lyfin fullu verði. Mikil gagnrýni kom fram á stóru lyfjafyrirtækin og var farin mikil mótmælaganga gegn þeim, sem Winnie Mandela veitti forstu, um borgina meðan á ráðstefnunni stóð.

Mánaðarlyfjaskammtur í Suður-Afríku mun kosta sem svarar um 250 bandaríkjadöldum eða um 20.000 íslenskum krónum. Auk þess tók ég eftir að fólk sem starfar að forvörnum eða umönnun virtist vita harla lítið

um möguleika lyfjanna. Ég sá ekki mikið til annarra mótmælaðgerða á ráðstefnusvæðinu enda öryggisgæsla mikil. Þó stóðu fyrir utan ráðstefnuhöllina einn morguninn samtök mæðra og vöktu athygli á því með spjöldum að þær færu vikulega í jarðafarir þeirra sem láttist hafa úr alnæmi meðal þeirra – sýnir, dætur og barnabörn.

Act-up Paris stóð fyrir háreisti innan dyra einn daginn og kröfðust betri og meiri aðgangs að lyfjum fyrir Afríkubúa. Suður-Ameríkubúar hvöttu til þess að ráðstefnan yrði fljótlega haldin í þeirra heimsálfu vegna þeirrar umræðu sem ráðstefna sem þessi hvetur til, því að í ljós kom að heimspressan fjallaði ýtarlega um þessi mál meðan á ráðstefnunni stóð og fólk fékk upplýsingar um það hörmungarástand sem ríkjandi er í Afríku. Og það hlýtur að leiða til einhvers jákvæðs fyrir hlutaðeigandi. En sem kunnugt er verður næsta ráðstefna haldin í Barcelona 2002, og á það eflaust eftir að beina athyglanni betur að hinum spænskumælandi heimi, þótt borgin sé í Evrópu.

Eitt enn sem vakti athygli mína var fyrirlestur sem Dr. A.S. Fauchi flutti um tilraunir sem hann hefur verið að gera með að brjóta upp lyfjameðferðina, þ.e. að mögulegt væri að gefa sjúklingum frið frá lyfjum, þ.e. lyfjainntaka væri 1 mánuð og síðan væri frið 1 mánuð (eða eitthvert annað tímabil) án þess að það hefði áhrif á stóðu sjúklings. Petta er mjög athyglivert í ljósi þess að hingað til hefur verið brýnt mjög fyrir sjúklingum að hættulegt væri að sleppa úr lyfjaskömmum. Aðspurður sagði hann að vísu að þessar tilraunir væru á frumstigi og að ekki væri ástæða til að láta af trú á nauðsyn þess að taka lyfin stöðugt án hléa. Ef tilraunir Fauchis bera hins vegar árangur, má ætla að framboð af lyfjum verði meira og að fleiri verði aðnjótanliði þeirra í framtíðinni, og að verðið lækki til hagsbóta fyrir þá sem á þurfa að halda.

Annað varðandi lyfin. Hópur sem létt töluvert að sér kveða á ráðstefnunni gerði háværa kröfu um að ríkistjórn Suður-Afríku fengi lyfin annars staðar að en frá vesturlöndum, til dæmis frá Taílandi því þar eru þau sögð mun ódýrari, en af pólitískum ástæðum og vegna einhverra millirískjasamninga mun það ekki vera hægt og er sorglegt til þess að hugsa ef rétt er að fólk þurfi að þjást að ósekju vegna slíkra samninga lyfjafyrirtækjanna og ríkistjórn.

Svona liðu dagarnir hver af öðrum, alltaf eitthvað áhugavert að sjá og heyra, ekki bara fyrirlestrar og umræður heldur einnig menningardagskrá sem fór fram á kvöldin til hliðar við aðalráðstefnuna vitt og breytt um borgina, sem öll var skreytt og bordum prýdd til að minna á umræðuna sem í gangi var og mér fannst eins og allir tækju þátt í henni og ég skynjaði ákveðinn létti og feginleik hjá sínum borgarinnar að lokum væri sjónum alheimsins beint að þessum vanda sem hrjáir Afríku svo mjög.

Ráðstefnunni var svo slitið á tilsettum tíma af Nelson Mandela föður regnbogaríkisins Suður-Afríku.



Að lokum vil ég segja að ég hafði bæði gagn og gaman af að ferðast til þessa framandi lands og fá að fylgjast með því sem fór fram og ekki síst að kynnast mörgu ólisku fólk frá mismunandi löndum og fá að heyra hvað brennur á því og hvað fólk er að gera í sínu heimalandi til að leggja baráttunni gegn alnæmi lið. Það er ómetanleg reynsla og eins að kynnast því hvað mikill fjöldi fólks er að leggja að mörkum ótrúlega fórmfúst starf til hagsbóta fyrir aðra. Að lokinni vel heppnaðri ráðstefnu og þeirri fjölmennustu hingað til var gott að slaka á í vetrarsólinni við Indlandshaf, og við tóku nokkrir góðir dagar í Durban sem undirritaður náiði að njóta til fulls.

G. Björgvin Gíslason



# 24. júní

síðastliðinn var mikið fjör á Spotlight og fleiri skemmtistöðum bæjarins.

Það er svo sem ekkert nýtt að fólk fari út að skemmta sér. En í þetta sinn tóku sjö skemmtistaðir þátt í að styrkja Alnæmissamtókin með því að gefa þeim helminginn af aðgangseyri kvöld eins. Allur undirbúningur og framkvæmd var í höndum Rósu, skemmtanastjóra á Spotlight, og á hún þakkar skildar fyrir framtakið. Skemmtistaðirnir sem tóku þátt voru Astró, Nelly's, Óðal, Skuggabarinn, Spotlight, Thomsen og Tugguogtveir.

Á Spotlight var mest um að vera og mjög góð aðsókn. Þar komu fram Palli Hjálmtýs, Jón Gnarr, Venus og leikhópur sem samanstóð af þeim Agnari, Árni Pétri, Ingrid og Rósa. Einnig var boðið um á kokkteil sem innihélt meðal annars HIV-drykkinn frá Sól hf og að sjálf sögðu var dreift smokkum sem voru frá Heildversluninni Hermes ehf.

Alls komu 650.000 krónur í hlut Alnæmissamtakanna.

# Fráhært framlagti






Rósa afhendir  
Árna Friðriki,  
varaformanni  
samtakanna,  
afraksturinn


# forvarnastarfsins




ni Pétur, Karl Berndsen og Ragga Gísli



Venus í stuði í sínu atríði



Þrostur og Róbert



Minningarárhöfn um þá sem hafa láist af alnæmi er haldin árlega víða um heim. Hér á Íslandi hefur minningarguðsþjónusta verið haldin síðan árið 1989 síðasta sunnudag í maí, sem ber ekki upp á hvítasunnudag. Hún fór fram í Langholtskirkju tvö fyrstu skiptin, þá í Bústaðakirkju og eftir það í Fríkirkjunni í Reykjavík. Í ár var minningardagurinn 28. maí. Ríkisútværpið hljóðritaði guðsþjónustuna og var hún send út sunnudaginn 16. júlí. Guðsþjónustan í heild og predikun sr. Hjartar Magna Jóhannssonar vakti athygli og veruleg viðbrögð. Sr. Hjörtur Magni var svo vinsamlegur að verða við beiðni Rauða borðans um að fá að birta predikunina. Fer hún hér á eftir:

## Minningarguðsþjónusta um þá sem haf

Náð sé með okkur og friður frá Guði föður okkar og Drottni Jesú Kristi.

Ég mun leitast við að svara einni spurningu í þessari predikun og hún er þessi: Er allt það ból og sú þjáning sem yfir mannfólk ið gengur, sem við verðum fyrir og upplifum, svo sem sjúkdómar slys eða aðrir erfðleikar, er það allt afleiðing drýgöra synda?

Er allt það ból og sú þjáning sem við mannfólk ið verðum fyrir og upplifum, sjúkdómar, slys eða aðrir erfðleikar – er það allt afleiðing drýgöra synda? Peir sem hafa þungar byrðar að bera, þeir sem hafa orðið fyrir áföllum í lífinu, – við öll sem erum hér saman komin í dag þekkjum einhværna eða einhverja sem þannig er ástatt fyrir eða höfum ef til vill sjálf þurft að bera þungar byrðar á eigin lífsvegferð – eru þeir, erum við þá að taka út makleg málagjöld fyrir óhlýðni og gömul afbrot okkar eða er bölið refsing fyrir afbrot forfeðra okkar eða formæðra? Getur verið að Guð hafi sent mannkyninu alnæmi til að refsa því fyrir drýgðar syndir? Er hugsanlegt að það sé kristin kennung?

Eitt sinn spurði mig ung stúlka svipaðrar spurningar í fermingarfæðslutíma – og hún hafði persónulega ástæðu til að spyra. Hún spurði: „Ákveður Guð að taka ástvini frá okkur bara þegar honum sýnist?“ Eins mætti spyra: „Er Guð valdur að hinu illa?“ Ég svaraði auðvitað neitandi. Svarið var þá og er enn að Guð

tekur ekki frá okkur ástvini, hann sendir okkur ekki sjúkdóma eða ból, hann er ekki valdur að hinu illa. Guð er andstæða þess illa.

Bölið og þjáningin hefur verið viðfangsefni guðfræðinnar og heimspeki og hugvísinda allt frá upphafi. Mannskepnan hefur löngum sett „samensemmerki“ á milli þjáningar annars vegar og syndar hins vegar. Vegna þess að syndin leiðir oftast af sér þjáningu og ból, þá fara menn ósjálfrátt að leita eftir syndinni þar sem þeir hafa fundið þjáningu. Það var trú manna hér áður fyrir að allir sjúkdómar og náttúruhamfarir væru refsing Guðs fyrir meðvitaðar eða jafnvel ómeðvitaðar syndir. Við kristnitökuna hér á Íslandi árið 1000 töldu áhangendur gamla átrúnaðarins að guðirmir myndu refsa þjóðinni fyrir trúskiptin með eldi og brennisteini. En við vitum að ekkert slíkt gerðist. Í Gamla testamenntinu lesum við um það þegar vinir Jobs gamla ásökuðu hann og álösuðu. Job var réttlátur maður og allt hafði gengið honum í haginn. En síðan, skyndilega gengu áfölin yfir hann. Fjölskyldan og öll auðæfi hans voru frá honum tekin, hann missti heilsuna, hann var skilinn eftir, í einsemnd, þjáður og ósáttur. Þá komu vinir hans þrír á vettvang og vildu léta honum brautimnar. Þeir vildu að hann játaði einhverjar syndir til að þeir gætu skilið tilgang þjáningarinnar. Þeir sögðu við hann:

„Hugsaðu þig um, Job: Hver er sá, sem hefur farist saklaus,

og hvar hefur hinum réttvísu verið tortímt. Að því sem við höfum séð: Þeir sem plægðu rangindi og sáðu óhamningju, þeir einir hafa uppskorið það. Fyrir andgusti Guðs fórust þeir, fyrir reiðiblæstri hans urðu þeir að engu.“

Pessi einfalda og ódýra lausn vinanna þriggja samrýmist ekki reynslu mannsins og er í raun afar hættuleg. Og sem betur fer létt Job sér ekki segjast, þrátt fyrir fortölur vinanna. Sem betur fer – því Job vissi sjálfur að hann hafði leitast við að breyta rétt í sínu lífi og að hann hafði ekki kallað allt bölið yfir sig með hegðun sinni. Job og Jesú eru á sama máli. Jesús kennir einmitt að þjániningin fer ekki í manngreinarálit. Það rignir jafnt yfir rangláta sem réttláta.

Í þeim Guðspjalltexta sem hér var lesin frá altari segir frá því að á hans dógum hafi turn einn í Síloam fallið til jarðar og átján manns lent undir honum. Þegar Jesús heyrði það þá sagði hann: „Þeir átján, sem turninn fél yfir í Síloam og varð að bana, haldið þér, að þeir hafi verið sekari en allir þeir menn, sem í Jerúsalem búa og lentu ekki undir turninum?“

Jesús svaraði eigin spurningu ákveðið: Nei, segi ég yður. Sömuleiðis fréttist það að Pflatus hafi blandað blöði í fórmir nokkurrá Galileumanna, en það var eithvert mesta guðlast og skömm sem gat komið yfir trúrækinn gyðing.

Þá sagði Jesús: „Haldið þér að þessir Galileumenn hafi verið meiri syndrarar en allir aðrir Galileumenn, fyrst þeir urðu að þola þetta?“ Og hann svaraði sjálfur ákveðið: „Nei, segi ég yður“

Í 9. kafla Jóhannesarguðspjalls segir frá manni sem hafði verið blindur frá fæðingu. Lærirveinarnir spurðu Jesú hvort maðurinn hafi syndgað eða foreldrar hans, fyrst hann fæddist blindur? Jesús svaraði þar einnig skýrt og greinilega: „Hvorki er það af því að hann hafi syndgað eða foreldrar hans.“

Sú skoðun hefur verið rík í hugum manna víðs vegar um heim allt frá grári fornesku að við mannfólkio séum hlekkir í festi orsaka og afleiðinga, að ból og mein mannlegs lífs sé sein uppskera þess sem áður hefur verið sáð og að þess vegna séu öll

## átist af alnæmi

dapurleg örlog eðlileg og makleg. En þannig er það ekki. Bölið hefur engan tilgang í sjálfa sér. Svo mikið er víst.

Ef við höldum því fram að bölið og þjánining hafi tilgang í sjálfrí sér þá er hætt við að við fórum að sætta okkur við það, verðum sljó og skeitingarlaus gagnvart þjánungum annarra. Þá er ekkert lengur sem knýr okkur áfram til að berjast gegn öllu óréttlæti og böli í heiminum. Að við segjum þá til að mynda að þær milljónir barna sem þjást og líða skort í þróðaheminum að þau séu bara að taka út makleg málagjöld. Eða að þeir mörgu sem búa við kúgun og erfið kjör í þessum heimi að þeir séu einfaldlega að taka út það sem þeir eiga skilið.

Þetta er hættuleg kenning. Hún er grimm og miskunnarlaus sú kenning sem byggist á því að örlog fólkis séu ráðin fyrirfram. Þar sem ból er ekki ból, heldur skoðað sem einhver fortíðar vandi þess sem á í hlut og að þess vegna sé engin þörf að koma náunganum til hjálpars. Sú kenning býður einnig heim hættunni á fordónum og jafnvel dómhörku í garð náungans. Það vita þeir sem eitthvað þekkja til alnæmis.

Tilraunir til að rekja uppruna þessa skæða sjúkdóms til, í fyrsta lagi, til hinna svörtu í Afríku og í öðru lagi til þess sem sumir vilja kalla jaðarshópa vestræns samfélags, bera einmitt merki mikilla fordóma. Fordóma sem í dag bitna jafnt á ungu gagnkynhneigðu fólk og börnum en þar er útbreiðsla alnæmis hvað hröðust í dag.

Samfélagslegir fordómar og dómharka er í sjálfa sér mikið ból og fyrir finnst því miður nokkuð oft að meðal þeirra sem kenna sig við trú, Krist og kirkju – og byggja fordóma sína þá gjarnan á bokstafstulkun séralinna og einangraðra ritningargreina.

Það vill gjarnan gleymast að hrópani þjóðfélagslegu óréttlæti var lengi viðhaldið í vestrænum menningarsamfélögum allt of lengi, því miður, vegna bókstafslegrar túlkunnar á ákveðnum einangruðum ritningargreinum Bibliunnar sem teknar voru úr samhengi. Til dæmis í suðurfylkjum Bandaríkjana var þrælahald réttlætt og því samfélagslega óréttlæti var viðhaldið með einangruðum og þar af leiðandi hættulegum tilvitnum í Guðs orð. Sömuleiðis var kúgun kvenna látin viðgangast allt of lengi og viðgengst viða enn og er réttlætt enn með einangruðum tilvitnum í Guðs orð, tilvitnum sem teknar hafa verið úr samhengi. Og hið sama má einnig segja um afstöðu margra til samkynhneygðra í okkar vestræna samfélagi. Guð forði okkur frá slíku.

Guð veldur ekki þjáningu og dauða. Bölið hefur engan tilgang í sjálfa sér. En það getur fengið tilgang, það getur jafnvel orðið til blessunar, kærleikans Guð getur snúið því til góðs, ef við leyfum honum að vinna í lífum okkar og leitum eftir samfélagi við hann á okkar lífsins vegferð. Það er boðskapur kristinnar trúar.

Örlög okkar mannfólkisins eru ekki ákveðn fyrirfram en Guð getur gefið lífum okkar markmið og tilgang.

Við mannfólkid við spryjum alltaf um orsakir, Jesús kys að tala um ávoxt. Við spryjum gjarnan hvers vegna. Jesús spryr á móti, til hvers? Við spryjum gjarnan hvaðan er bölið komið, hver á sökina? Jesús bendir fram á við og segir: Hvað gott getur vaxið upp af því?

Í lífinu lútum við ekki einungis einföldu afli orsaka og afleiðinga. Lífið er flóknara en það. Í okkar heimi er allt of margt tilviljunum háð til að svo geti verið.

En mikilvægast af öllu er að vita og lifa í þeirri vissu að ofar öllu, ofar tilviljunum, ofar fordónum er hlýtt föður hjarta Guðs sem slær fyrir okkur. Með hans hjálpi getum við unnið úr öllu því sem á bjátar því að hann þráir að líkna og ganga með okkur á okkar lífsins vegferð. Okkar Guð er ekki grimmur, hann er ekki harður. Heldur er hann tilbúin að bera með okkur þær byrðar sem á okkur eru lagðar og leysa úr hverju böli og snúa því til góðs. Slíkur er sá Guð sem við játum.

Dýrð sé þeim kærleikans Guði, föður, syni og heilögum anda, sem var í upphafi er og verður um aldri alda.

Hér að lokinni predikun munum við í sameiningu flytja bænir, bænir fyrir þeim sem látnir eru af völdum alnæmis, aðstandendum og þeim sem glíma við þennan erfiða sjúkdóm. Ég hvet ykkur öll sem hér eru að við í einhug, sameinumst hér á eftir í þeim stuttu bænum sem fluttar verða. Hér hafa einnig verið tendruð bænaljós til minningar um hvem og einn sem láttist hefur.

*Hjörtur Magni Jóhannsson  
prestur Frískirkjusafnaðarins í Reykjavík*





## Alnæmi á Íslandi – útlit í dag

Fyrstu kynni mín af sjúkdómnum alnæmi voru haustið 1985. Ég var þá deildarlæknir á deild A7 Borgarspítalanum. Þá lagðist inn sjúklingur sem var greindur með alnæmi. Ég átti eftir að umgangast hann mikið á næstu mánuðum í gegnum veikindi hans. Vorið 1986 lá síðan leið mín til Bandaríkjanna í framhaldsnám og voru síðustu orð þessa einstaklings að ég skyldi læra um smitsjúkdóma og koma heim og lækna sig. Kvaðst hann ætla að bíða mín. Svo varð þó ekki.

Gangur þessa sjúkdóms hefur mikið breyst á síðustu árum. Sjúkdómsins varð fyrst vart fyrir u.p.b. 20 árum er bera fór á undarlegum sýkingum hjá samkynhneigðum einstaklingum í stórborgum Norður-Ameríku. Er tímari liðu fram kom í ljós að orsókin var veira sem hefur verið nefnd HIV (Human Immunodeficiency Virus). Í dag vitum við mun meira um þessa veiru en í upphafi. Hún leggst á ónæmiskerfið og skaðar eða skemmir þannig að viðkomandi verður næmur fyrir ýmsum sjúkdómum sem ekki herja á einstaklinga með heilbrigjt

ónæmiskerfi. Ómeðhöndludur HIV-sýking leiðir til ónæmisbælingar og er þá talað um alnæmi sem er lokastig sjúkdómsins og veldur það dauða á 10-15 árum án meðferðar. Á síðari árum hafa komið fram lyf sem hjálpa okkur að meðhöndla sjúklinga og draga úr eða seinka skaða sem veiran veldur. Veiran herjar aðallega á frumur sem nefndar eru T4 frumur og eru þær nauðsynlegar til varnar ýmsum sýkingum. Í upphafi faraldursins var talið að hún myndi ávallt leiða til dauða. Í dag velta menn fyrir sér hvort seinka megi sjúkdómnum og jafnvel

uppræta hann með lyfjameðferð. Talið er að þurfa muni mörg ár á lyfjum gegn HIV ef slíkt á að takast. Hins vegar hefur ekki tekist enn að lækna neinn af HIV-sýkingu. Óvist er hversu lengi okkur tekst að halda sjúkdómnum og áhrifum hans í skefjum.

Tekist hefur að framleiða lyf sem seinka framgangi sjúkdómsins. Fyrsta lyfið sem kom fram á markaðinn var Zidovudin (AZT). Seinna hafa komið fram önnur lyf sem virka á þessa veiru. Aðallega er nú talað um þrjá flokka lyfja sem virka á HIV-veiruna og er fyrst að telja nucleocid bakritahemla en í þeim flokki er Zidovudin eða AZT, DDI, DDC, Stavudin, Lamivudin og Abacavir. Næsti flokkur er kallaður non-nucleocid bakritahemlar og eru þar að finna Nevirapin, Delavirdin og Efavirens. Priðji flokkur lyfja eru proteasahemlar og má þar nefna Saquinavir, Ritonavir, Indinavir, Nelfinavir og Amprenavir. Nú er að koma fram á sjónarsviðið aðrir flokkar lyfja m.a. lyf sem verka á intergrasa í veirunni. (Intergrasar eru enzym sem eru veirunni nauðsynleg til að fylgja sér).

Eftir að farið var að nota lyf gegn HIV-veirunni kom fljótt í ljós að betri árangur náðist með því að nota fleiri en eitt lyf. Er nú nánast algilt að HIV-smitaðir sjúklingar eru settir á að minnsta kosti þrjú lyf og koma þá ýmsar blöndur til greina. Allir flokkar HIV-lyfja hafa einhverjar aukaverkanir en reynt er að finna þau lyf sem henta hverjum og einum einstaklingi best bæði hvað varðar hversu oft þarf að taka lyfin, hvort taka má þau með eða án matar og með tilliti til aukaverkana.

Frá því að lyf þessi komu fram hefur orðið mikil breyting á líðan einstaklinga sem smitaðir eru af HIV-veirunni. Tekist hefur að tefja framgang sjúkdómsins. Við höfum séð að veirumagn í blóði, sem nú er hægt að mæla, hefur minnkað og einnig sjáum við fjölgun á T4 frumum. Áhrifaríustu dæmin eru um einstaklinga sem hafa verið komnir með alnæmi og hafa verið við dauðans dyr en hægt hefur verið að að

snúa við sjúkdómsferli þeirra, veirumagnið hefur minnkað og T4-frumum fjölgæð og þar með dregur úr fylgisýkingum.

Tölur frá Landlæknisembættinu frá 30. júní 2000 sýna að hér á landi hafa greinst 136 einstaklingar sem hafa smitast af HIV, 50 einstaklingar hafa greinst með alnæmi og 33 hafa dáið. Prátt fyrir að við séum fámenn þjóð þá er hlutfall HIV-sýktra einstaklinga hér á landi svipað og gerist á Vesturlöndum. Ljóst er þó að víða í heiminum er ástandið mun verra en hér á landi og í Vestur-Evrópu. Nefna má að víða í Afríku sunnan Sahara er hlutfallið mun hærra.

Í upphafi þessa faraldurs var smit að miklu leyti bundið við samkynhneigða karlmenn. Hins vegar hefur orðið breyting á og eru nú hlutfallslega fleiri gagnkynhneigðir sem greinast um þessar mundir með smit hér á landi. Í Afríku er hlutfall smitaðra karla og kvenna svipað.

Helstu smitleiðir HIV eru þrjár. Fyrst er að nefna samfarir og er þá bæði samfarir samkynhneigðra og gagnkynhneigðra.

Blóðgjöf getur einnig borið sjúkdóminn og einnig móðir til barns. Það hefur sýnt sig að ef um stunguþöpp er að ræða þá eru líkur á smiti um 0,3%. Hins vegar eru líkur á að móðir smiti barn sitt um 20-30% og er það hæsta tíðni smits. Hafa ber í huga að ekki þarf nema einar samfarir til þess að smit geti átt sér stað. Líkur á að maður smiti konu eru hærri en að kona smiti mann. Rétt er að taka fram að ekki er hægt að smitast af HIV við almenna umgengni. Ekki er hægt að smitast af mataráhöldum, krönum eða klósettsetum. Heldur er ekki hægt að smitast með því að taka í hönd eða faðma smitaðan einstakling eða kyssa hann eða hana á kinn. Það er því ljóst að það þarf töluvert nái kynni til þess að smitast af HIV. Við læknar sem meðhöndlum einstaklinga sem eru HIV-smitaðir höfum ekki frammi neinar sérstakar varúðarráðstafanir, notum ekki hanska eða sloppa eins og var gert í upphafi faraldursins en nú hefur þekking okkar á þessum sjúkdómi aukist það mikið að við vitum að ekki er möguleiki á smiti við venjulega umgengni.

Hér á Íslandi er læknispjónustu til handa HIV-smituðum einstaklingum ókeypis. Nú eru til reglur um þá lyfjaflokka sem einstaklingar fá alveg ókeypis og eru það öll HIV-lyfin, einnig lyf til að bæla ýmsar sýkingar sem koma. Hins vegar þurfa HIV-smitaðir að borga mörg önnur lyf á sama hátt og ósmitaðir einstaklingar.

Ég tel að halda verði áfram með fræðslu til að fyrirbyggja HIV-sýkingar og höfum við sennilega ekki staðið okkur nóg vel á því sviði. Nauðsynlegt er að fara inn í skóla og hafa fræðslu um þessa hluti og halda þessu vakanandi.

Ekki tel ég að okkur muni takast að mynda bóluefni eða lækna þennan sjúkdóm en við munum halda áfram á þeirri braut að halda sjúkdómnum í skefjum og styðja við bak einstaklinga sem eru smitaðir eftir bestu getu.

*Hugrún Ríkarðsdóttir læknir á Landspítala háskólasjúrahúsi í Fossvogi*

## Hópstarf með gagnkynhneigðum HIV-smituðum

Í tvö ár hafa gagnkynhneigðir HIV-jákvæðir hist eina kvöldstund í mánuði í húsnaði Alnæmissamtakanna, Sigurlaug Hauksdóttir félagsráðgjafi hefur haft umsjón með þessu kvöldi.

Barna er rætt ýmislegt sem tengist HIV, utanaðkomandi sérfraðingar/gestir koma í heimsókn og oft er slegið á léttu strengi. Hópurinn samanstendur núna af um tíu konum og körlum á öllum aldri, en allir gagnkynhneigðir HIV-jákvæðir eru velkomnir að vera með. Þau sem vilja fá nánari upplýsingar eða vera með í hópnum eru beðin um að hafa samband við Sigurlaugu í síma 525 1547/1000 á Landspítala Fossvogi.

## Minningarguðspjónusta

Alnæmissamtokin hafa árlega staðið að minningarguðspjónustu um þá sem láttist hafa úr alnæmi. Er hún haldin síðasta sunnudag í maí og hefur verið útvarpað á Rás 1.

# Alþjóðlegi alnæmisdagurinn

## 1. desember 2000

### ALNÆMI — AFSTAÐA KARLA SKIPTIR MÁLI

Á vegum Sameinuðu þjóðanna vinna margar alþjóðlegar stofnanir saman að alnæmismálum í heiminum undir heitinu UNAIDS. Alþjóðlegi alnæmisdagurinn hefur verið haldinn 1. desember ár hvert síðan 1988. Kjörorð dagsins í ár er: Alnæmi — afstaða karla skiptir máli. Aðalástæður þess að þetta málefni er valið eru fimm helstar:

**1. Heilbrigði karla er mikilvægt en nýtur ónógrar athygli.** Oftast eru karlar síður líklegir en konur til að leita sér heilbrigðisaðstoðar þegar þörf krefur og þeir eru fremur líklegir til að stunda hegðun sem stefnir heilsunni í hættu, svo sem að drekka, nota ólögleg vímuefni og aka gáleysisislega. Oft ráða karlar síður en konur við skilyrði sem valda streitu svo sem það að búa við alnæmi.

**2. Hegðun karla veldur smitáhættu af HIV-veirunni.** HIV-smit fer enn vaxandi meðal kvenna en karlar, þar á meðal unglingar, eru í meirihluta meðal þeirra sem eru HIV-smitaðir og sjúkir af alnæmi. Stundum gæta karlar síður að heilsu sinni og öryggi en konur. Karlar eru líklegri en konur til þess að nota áfengi og önnur vímuefni sem valda því að lifað er óöruggu kynlifi með aukinni smitunarhættu af HIV-veirunni, og þeir eru líklegri til þess að sprauta í sig vímuefnum en því fylgir smithætta af nálum og sprautuhylkjum sem eru menguð með HIV-veirunni.

**3. Hegðun karla setur konur í hættu á að smitast.** Að jafnaði eiga karlar fleiri kynlífssélaga en konur. HIV-veiran berst auðveldar í kynlifi frá karli til konu en öfugt. Vímuefnanotendur sem eru HIV-smitaðir, þar sem karlar eru í miklum meiri hluta, geta smitað bæði vímuefna- og kynlífssélaga. HIV-smitaður karl er því líklegur til að smita fleiri á ævinni en HIV-smituð kona.

**4. Kynmök milli karla án varna veldur hættu fyrir bæði karla og konur.** Kynlif milli karla er oftast dulið. Kannanir viða um heim sýna að allt að sjötti hluti karla svarar því játandi að hafa átt

kynmök við karl. Margir karlar sem eiga mök við karla eiga einnig mök við konur — eiginkonu, vinkonu eða ókunna konu. Andúð á kynmökum milli karla og ranghugmyndir um þau hafa leitt til þess að forvarnir gegn HIV-veirunni hafa orðið ónógar í mörgum löndum.

**5. Karlar verða að velta betur fyrir sér hvernig alnæmi hefur áhrif á fjölskylduna.** Það þarf að hvetja feður og feður framtíðarinnar til þess að velta betur fyrir sér hvaða áhrif kynhegðun getur haft á félaga sína og börn, þar á meðal það að láta eftir sig börn sem alnæmismunaðarleysingja og að bera HIV-veiruna inn í fjölskylduna. Karlar verða enn fremur að taka meiri þátt í að annast þá í fjölskyldunni sem ganga með HIV-veiruna eða alnæmi.

Málefni alþjóðlega alnæmisdagsins hafa verið þessi frá upphafi:

<b>1988</b>	<b>Veröldin sameinuð gegn alnæmi</b>
<b>1989</b>	<b>Okkar líf og okkar heimur – látum okkur annt hverju um annað</b>
<b>1990</b>	<b>Konur og alnæmi</b>
<b>1991</b>	<b>Deilum ábyrgðinni</b>
<b>1992</b>	<b>Alnæmi – ábyrgð samfélagsins</b>
<b>1993</b>	<b>Kominn tími til athafna</b>
<b>1994</b>	<b>Alnæmi og fjölskyldan</b>
<b>1995</b>	<b>Sameinginleg réttindi, sameiginleg ábyrgð</b>
<b>1996</b>	<b>Einn heimur – ein von</b>
<b>1997</b>	<b>Börn í heimi alnæmis</b>
<b>1998</b>	<b>Afl til breytinga – heimsátak meðal ungmennum gegn alnæmi</b>
<b>1999</b>	<b>Hlustum, lærum, lifum – heimsátak meðal barna og ungmennum gegn alnæmi</b>
<b>2000</b>	<b>Alnæmi – afstaða karla skiptir máli</b>

## Minningarkort

eru til sölu á skrifstofu Alnæmisamtakanna, lágmarksverð er 500,- kr. og renna tekjur af kortunum í sérstakan minningarsjóð sem notaður er til uppbyggingar félagsheimilisins. Hægt er að panta kortin í síma 552 8586 alla virka daga kl. 13 - 17.

## Tala HIV-smitaðra og alnæmissjúkra frá upphafi miðað við 30. júní 2000

Tafla 1. Dreifing HIV-smitaðra eftir smitleiðum og áhættuhegðun

Hópar einstaklinga	Karlar	Konur	Alls	%
1. Hommar/tvíkynhneigðir (kynmök)	75	—	75	55
2. Fíkniefnaneytendur (í æð)	13	2	15	11
3. Hópur 1 og 2	2	—	2	1
4. Gagnkynhneigðir (kynmök)	16	20	36	26
5. Blóðþegar	—	4	4	3
6. Móðir til barns	—	1	1	1
7. Óþekkt	1	2	3	2
Samtals	107	29	136	100

Tafla 2. Aldur HIV-smitaðra við greiningu

Aldur	Karlar	Konur	Alls	%
0 – 9 ára	—	1	1	1
10–19 ára	1	2	3	2
20–29 ára	40	15	55	40
30–39 ára	39	5	44	32
40–49 ára	19	1	20	15
50–59 ára	8	2	10	7
60 ára og eldri	—	3	3	2
Samtals	107	29	136	100

Tafla 3. Aldur alnæmissjúkra við greiningu

Aldur	Karlar	Konur	Alls	%	P.a. látnir
0–9 ára	—	—	—	—	—
10–19 ára	1	—	1	2	—
20–29 ára	5	2	7	14	5
30–39 ára	23	1	24	48	12
40–49 ára	12	—	12	24	12
50–59 ára	3	2	5	10	3
60 ára og eldri	—	1	1	2	1
Samtals	44	6	50	100	33

Tafla 4. Einstaklingar greindir

Ár	með hiv-smit			með alnæmi			Alls
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur		
1983	1	—	1	—	—	—	—
1984	—	—	—	—	—	—	—
1985	15	1	16	1	—	—	1
1986	11	2	13	3	—	—	3
1987	4	1	5	1	—	—	1
1988	10	3	13	3	2	—	5
1989	5	1	6	3	—	—	3
1990	5	—	5	3	—	—	3
1991	8	2	10	6	2	—	8
1992	10	1	11	3	—	—	3
1993	2	1	3	6	1	—	7
1994	6	2	8	5	1	—	6
1995	5	2	7	4	—	—	4
1996	4	2	6	3	—	—	3
1997	8	1	9	1	—	—	1
1998	5	3	8	2	—	—	2
1999	7	5	12	—	—	—	—
2000, til 30. júní	1	2	3	—	—	—	—
Samtals	107	29	136	44	6	50	—

Heimild: Sóttvarnalæknir, Landlæknisembættið

## TVEIR LÉTTIR

### Fyrsta sinn

Stúlka býður piltinum sínum að koma heim í kvöldmat á föstudagskvöldi með foreldrum hennar. Og af því að þetta átti að verða svo stór stund segir hún við hann að hana langi til þess að þau sofi saman í fyrsta sinn seinna um kvöldið. Pilturinn verður alsæll og af því að hann hefur aldrei sofið hjá fyrir fer hann í apótekið að kaupa smokka og fá leiðbeiningar um notkunina. Apótekarinn liðsinnir piltinum og er lengi að segja honum til.

Hann fræðir piltinn um allar hliðar á kynlifi og notkun smokksins. Svo þegar þar að kemur spyr hann hvað hann þurfi marga smokka, þriggja smokka pakka, tíu smokka pakka eða fjölskyldupakk. Pilturinn segist ætla að fá fjölskyldupakkann, því þetta verði fyrsta skipti hjá sér og gangi ábyggilega heilmikið á.

Pilturinn kemur á réttum tíma um kvöldið og stúlkan tekur á móti honum í dyrunum og segir: „Ó, ég er svo spennnt að þú hittir mömmum og pabba, komdu inn!“ Þau fara inn og þar eru foreldrarnir sem bjóða piltinn velkominn og svo öllum til sætis við matborðið. Pilturinn býður strax til þess að fara með bordbænina.

Mínúta er liðin og pilturinn er enn á bæn og lítir höfði. Tíu mínútur líða og pilturinn bærir ekki á sér. Þegar tuttugu mínútur eru liðnar hallar stúlkan sér lokus að honum og hvíslar: „Ég vissi ekki að þú verir svona trúður.“ Pilturinn snýr sér að henni og hvíslar: „Ég vissi ekki að pabbi þinn væri apótekar.“

### Heitara en ekkjan bjóst við

Hjón nokkur fóru í frí úr vetrarmyrkrinu og snjónum og flugu til Flórida að njóta sólskinsins þar. Þau flugu um New York þar sem konan þurfti að sinna viðskiptaréndum einn dag en karlinn hélta áfram suður. Þegar hann var búinn að koma sér fyrir á hótelinu ákvað hann að senda konunni tölvupóst. Hann fann ekki miðann með netfanginu hennar svo að hann sló það inn eftir minni. Þá tókst svo illa til að einn staf vantaði í og pósturinn fór til gamallar prestsekkju sem hafði misst manninn sinn daginn áður. Þegar syrgjandi ekkjan gætti að tölvupóstinum sínum og las skeytíð rak hún upp skerandi óp og felli í yfirlið. Heimilisfólkid þusti inn í herbergið þegar það heyrdi dynkinn. Þá gat að lesa þetta á skjánum: „Elskan mínn, ég er búinn að koma mér fyrir. Allt er tilbúið fyrir komu þína á morgun. Þinn elskandi eiginmaður.“

PS. Því verður ekki logið hvað það er svakalega heitt hérna.“

# Hvernig hefurð



**K**omdu sæll og vertu velkominn. Ég veit að þú ert HIV-jákvæður og örorkubótaþegi. Ég fékk þig til þess að koma og tala við mig af því að mig langar til þess að fá að heyra um aðstæður þínar og hvernig þú lítur á lífið og tilveruna.

*Hvaðan ertu og hvað ertu gamall?*

Ég er orðinn fertugur og er að norðan. Ég er fæddur í bæ einum á Norðurlandi en flutti sem unglungur yfir í annan norðlenskan bæ. Ég er úr stórri fjölskyldu, fjórar systur og fjórir bræður. Pabbi vann við ýmis störf eftir árstíðum en mamma var auðvitað heimavinnandi með okkur systkinin.

*Pú hefur þá átt dæmigerða æsku í sjávarplássi fyrir 30-40 árum.*

Já og nei. Ég þótti frekar óvenjulegt barn, held ég. Ég var mjög bókhneigður sem barn – svo sótti ég, að margra mati, í of mikið samneyti og snertingu við aðra karlmenn. Ég man eftir þessu frá sex eða sjö ára aldrí. Þetta vissu margir og þetta þótti ekki í lagi svo ég var talsvert hundsaður og hafður úti í horni, fólkis mitt stóð

þó alltaf fast með mér. Það var auðvitað ekki fyrr en miklu seinna að ég fór að skilja um hvað málið snerist.

*Ertu þá samkynhneygður?*

Nei, ég er tvíkynhneygður.

*Hvenær vissir þú fyrst af því að þú værir HIV-jákvæður?*

Það eru um það bil 15 ár síðan. Ég hef þó ætíð verið heilsuhraustur, aldrei fengið alvarlega sjúkdóma og aðeins lagst á sjúkrahús einu sinni vegna þess að ég fékk ofnæmi fyrir sýklalyfi. Læknar og hjúkrunarfólk, sem og aðrir sem ég hef þurft að hafa samskipti við vegna veikinda minna, hafa reynst mér frábærlega vel. Ég hef verið á lyfjablöndum síðan 1996, en það hefur þurft að breyta blöndunni tvívar til þrisvar á ári. Þetta gengur ágætlega og ég hef verið tiltölulega laus við aukaverkanir en veiran hefur samt alltaf mælst í blóðinu, hún hefur ekki farið svo langt niður að hún yrði ómælanleg eins og gerst hefur hjá mörgum.

*Ert þú í einhverri vinnu?*

Ég vann mikið, mest við fiskvinnu. Nokkrum árum eftir að ég greindist HIV-jákvæður varð ég að hætta, samkvæmt læknisráði, þar sem ég þoldi illa kulda, bleytu

# það?

Ljósmynd: Inga Sólveig Friðjónsdóttir

og raka sem yfirleitt fylgir fiskvinnu. Einnig vann ég mikið í frystiklefum og auðvitað var ekki auðvelt að útskýra fyrir yfirmanni mínum að ég ætti ekki auðvelt með að vinna í kuldanum. Það eru átta til níu ár síðan ég þurfti að hverfa af vinnumarkaðinum.

*Hvernig er þá efnahagnum háttar?*

Ég fæ greiðslur úr lífeyrissjóði og frá Tryggingastofnun, samtals um það bil 80 þúsund krónur á mánuði, það verður nú að duga mér. Ég er ísbúð frá Reykjavíkurborg, leigan er 19 þúsund á mánuði plús hiti og hússjóður, samtals um 24 til 25 þúsund á mánuði. Ég mundi aldrei ráða við að leigja á frjálsum markaði, ekki á örorkunni allavega. Bræður mínr eru bændur og sjómenn og hafa þeir hjálpað mér með bæði fisk og kjöt, ég veit ekki hvernig ég fær að ef ég þyrfi að kaupa allan mat.

Ég á líka sjö ára gamlan bíl sem ég þarf að reka, viðhald og annað tilfallandi vegna aldurs bílsins tekur sinn toll af annars litlum tekjum því bíllaus get ég ekki verið. Ég hætti að reykja, kaupi aldrei áfengi og fer nánast aldrei út á lífið. Í leikhús hef ég komist svona tvísvar til þrisvar á síðustu tíu árum, fer aldrei í bíó og

kaupi mér aldrei neitt sem heitir snakk eða sjónvarps-brúðl. Ég leyfi mér þó að vera áskrifandi að Stöð 2, fjölvarkinu og bíórásinni, og svo er ég áskrifandi að DV en hætti með Morgunblaðið sem ég var á sínum tíma líka með. Ég á gamlar hljómgæjur, engan geisladiskaspilara og sjónvarpið mitt er líklega um það bil 20 ára. Ef ég sé mér færí þá reyni ég að kaupa mér bækur af og til því ég er enn mjög bókhneigður, þær er oft hægt að fá fyrir lítið á bókamörkuðum.

Núna standa fjármálin sérstaklega illa hjá mér því ég hafði reynst of hátt metinn í lífeyrissjóðinum og nú eftir endurmat er hann að draga úr greiðslum til míni þannig að ég þarf að skipuleggja allt upp á nýtt hjá mér og reyna að skera niður þó ég sjái ekki hyar ég gæti það því ég kaupi aldrei neinar ónauðsynjar. Ég er að vinna í þessu núna.

*Býrðu einn?*

Já, ég hef aldrei verið sambúðartýpan, það bara á ekki við mig held ég.

*Hefur þú aldrei verið í föstu sambandi?*

Jú reyndar, ég bjó einu sinni með stúlkum, þeirri sem ég er talinn hafa smitast af því það fannst enginn annar smitaður í kringum mig, en það gekk ekki upp. Ég vil helst geta verið með báðum kynjum þannig að sambúð gengur ekki upp í mínu tilviki.

*Pá hringir farsíminn, sem honum hafði verið gefinn. Það er verið að spyrja hann hvort hann geti unnið daginn eftir.*

Ég fæ svona smávinnu öðru hvoru þegar vantar mannskap og fæ það greitt undir borðið, það er ekki stórt en hefur oft bjargað mér fyrir horn.

*Hvað ertu annars að gera? Hvernig líður dagurinn hjá „fullfrískum“ manni á besta aldri sem er ekki í fastri vinnu?*

Ég er í námi, ég var algerlega ómenntaður vegna þess að ég kláraði nánast ekki skyldunámið sem unglingsur. Foreldrar mínr skildu og ég tók við ýmsum skyldum af því að ég var þá elstur heima, ég þurfti að þroskast eins og skot, hlaupa yfir unglingsárin, alvara lífsins tók strax við og ég fór að vinna úti líka. Eftir að ég greindist og þurfti að hætta að vinna úti fór ég af fullum krafti í nám og er á góðri leið með stúdentinn. Ég er mjög ánægður með þetta og ég ræð ferðinni talsvert sjálfur, ég er staðráðinn í að klára og verða aftur nýtur þegn á vinnumarkaðinum, á öðru sviði en áður þó.

*Hvernig ertu þá staddir? Spjarar þú þig með erlend tungumál?*

Jájá, ég get bjargað mér bæði á ensku og dönsku.

*Þú hefur aldrei farið á Nord-All, hefur þú ekki haft áhuga á því?*

Nei, ég hef ekki haft áhuga á því. Ég hef þó farið nokkrum sinnum til útlanda. Pabbi býr í Þýskalandi með seinni konu sinni og þau hafa boðið mér nokkrum sinnum til sín, þau borga þá farið fyrir mig báðar leiðir og ég er í fríu fæði hjá þeim, það er stórfint.

*Pá hringir síminn aftur, bróðir hans er að koma úr róðri.*

Nei, ég þarf ekki fisk, á ennþá nóg af þeim sem þú gafst mér síðast. En þið skuluð endilega koma við hjá mér í kaffi, ég verð ekki farinn að sofa þó það dragist til klukkan tvö.

*Það er vel séð um þig!*

Já, systkin mínn hafa oft bjargað mér, þau hafa jafnvæl séð til þess nú síðustu ár að mér hafi tekist að halda mannsæmandi jól.

*Hvernig er félagslífíð hjá þér? Þegar ég hitti þig ertu gjarnan þar sem samkynhneigðir halda sig, þú ert þá sem sagt talsvert upp á karlhöndina! Ertu í Samtökunum '78?*

Já, ég er tvíkynhneigður og hef því mjög gaman af því að umgangast aðra karlmenn sem og konur, ég er þó ekki í Samtökunum, það er einhvern veginn eitthvað sem ég mundi ekki vilja, það passar ekki við mig held ég bara. Ég er ekki mikið fyrir þannig lagað félagslíf, ég er þó mikil félagsvera og fæ mikið út úr fjölskyldunni sem og þeim fáu raunverulegu vinum sem ég á. Ég er sjaldan einn og oftar en ekki eru hjá mér næturgestir.

*En kynlifið, gengur það?*

Ég geri sem minnst af því að stunda raunverulegt kynlif, áhættan verkar truflandi, en ég er samt ekki dauður úr öllum æðum.

*Hvernig finnst þér þeir sem þú kemst í kynni við haga kynlífínu, eru þeir gætnir og passa sig?*

Nei, mér finnst margir alltof kærulausir og ábyrgðarlausir, hugsa sem svo að ekkert komi fyrir þá, sem auðvitað er ranghugsun því enginn er öruggur!

*Ertu í Alnæmissamtökunum?*

Nei.

*Hvernig finnst þér þau standa sig, ertu ánægður með þau?*

Já, mér finnst ágætt að hafa þau. Ég hef fengið styrk frá þeim og það munar um hverja krónu sem kemur í búið, það er hægt að gera heilmikið þegar maður fær svona aukapening. Ég fór þó aðeins yfir tekjumarkið sem Alnæmissamtókin setja, hvernig sem það er hægt á örorkubótum, og fékk því engan styrk á þessu ári.

*Ég þakka þér fyrir spjallið. Má ekki bjóða þér að borða með okkur kvöldmat?*

Nei, ég þakka en föðursystir mínn býr hérrna rétt hjá og er alltaf með eitthvað í pottunum, hún var búin að bjóða mér að koma við og borða með þeim.

**Guðni Baldursson**

Viðtalið var tekið 22. október 2000.  
Einstökum atriðum hefur verið vikið við svo að viðmælandinn þekkist ekki, en að innihaldi til er viðtalið eins og það fór fram.



# Af minnsta tilefni leggjum við okkar af mörkum




Hjá Glaxo Wellcome leggja tugþúsundir manna sitt af mörkum í baráttunni við helstu óvini okkar - þá sjúkdóma sem hrjá mannkynið.

Með stöðugum rannsóknum og tilraunum vinnur starfsfólk Glaxo Wellcome nýja sigra á hverju ári og finnur upp ný lyf sem vinna á sjúkdómum á borð við berkla, krabbamein, astma, ofnæmijuklóma og alnæmi, svo einhverjir séu nefndir.

Starfsfólk Glaxo Wellcome vinnur auch þess að ótal verkefnum sem snúa að fræðslustarfsssemi í samvinnu við lækna, lyfjafræðinga, hjúkrunarfólk og aðra aðila sem starfa við heilsugæslu.

Það er ekki að ástaðulausu að Glaxo Wellcome er sagt vera einn skæðasti óvinur sjúkdóma.

**GlaxoWellco**



„Þegar ég steig inn í umhverfi fréttamyndanna urðu svörtu konurnar með börnin á bakið að veruleika.“

# Mósambík Mekka HIV

Af hverju breiðist alnæmi svona gífurlega hratt út í Afríku sunnan Sahara?  
*Margrét Þóra Einarsdóttir*  
bjó um tíma í Mósambík og kynntist viðhorfum til alnæmis og þekkingu fólks á HIV-veirunni sem orsakar sjúkdóminn.

**É**ger ein þeirra heppnu sem fæddist í hinum vestræna heimi. Með heilsu minni hefur verið fylgst síðan ég fæddist og ég hef fengið ótal bólusetrar við alls konar sjúkdómum. Ég fór sjálfkrafa í skóla í mörg ár og fræddist um ótal hluti milli himins og jarðar. Ég hef fengið upplýsingar beint í að frá samfélaginu og fjölmöldum. Að búa í landi þar sem enginn þessara hluta er sjálfsagður fékk mig til að öðlast skilning á annarri heimsmynd, uppgötvu hvað ég hef það gott og ergja mig yfir hversu sjálfsagt mér þykir að vera í þessum forréttindahópi.

**Fréttamyndir sjónvarpsins verða að veruleika**  
Það sem sló mig mest þegar ég dvaldi í Mósambík var fátæktin og dauðinn. Hvorugu hafði ég kynnst nema frá fréttamyndum um „fátæku löndin“ sem voru of fjarlægar til að ég tæki þær nærrí mér. Þegar ég steig inn í umhverfi fréttamyndanna urðu svörtu konurnar með börnin á bakið að veruleika. Þær urðu að konum rétt eins og mér, bara aldari upp við önnur skilyrði. Ég bjó með fólk sem hafði ekki efni að kaupa sér sápu og kom öllum veraldlegum eignum sínum fyrir á einni dagblaðsopnu. Ég vann með fólk sem missti börnin sín kornung. Pessi börn hefðu ekki dáíð, hefðu þau fæðst á Íslandi. Ég lærði líka að fólk tók dauðanum öðruvísi þar en heima. Auðvitað

ríkti mikil sorg en fólkis beit á jaxlinn og hélt áfram að vinna og sagði eitthvað á þá leið að svona væri alltaf að gerast. Dauðinn er svo stór þáttur í lífi fólks, t.d. deyr fjórða hvert barn sem fæðist í Mósambík áður en það nær 5 ára aldri.

**Kjöraðstæður HIV-veirunnar**  
Stærsti hluti fólks í Mósambík býr úti á landsbyggðinni þar sem lífið snýst um vinnu á akrinum og fólk sér engan tilgang með því að senda börn sín í skóla. Menntun er á mjög lágu stigi, einungis 23% kvenna eru læs og 58% karla. Á mörgum svæðum er hvorki skóli né kennari og næsta heilsugæsla er í órafjarlægð. Af þessum sökum veit fólk lítið um smitleiðir sjúkdóma og leiðir til að verjast þeim. Í hverju þorpi er galdralæknir sem sér um læknunar, oft með sær-ingum eða með því að skera sjúklingana og láta blóðið úr þeim renna. Baráttu við sjúkdóma í Mósambík er því mjög erfið, fjöldi fólks deyr úr niðurgangspestum sem er hægt að forðast með hreinlæti og mörg börn deyja árlega úr mænusótt þó löngu sé búið að finna upp bóluefni við þeim sjúkdómi. Svona aðstæður eru kjöraðstæður fyrir HIV-veiruna og alnæmi. Sjúkdómurinn fær að breiðast út í friði því almenningur er svo vanur sjúkdómum og dauðsföllum og illa upplýstur að hann stendur hjá rænulaus.

## ... Mekka HIV

Stjórnvöld stinga höfðinu í sandinn og horfa framhjá vandamálínu því allt fjármagn sem til fellur er notað í uppbyggingu eftir stríð og flóð.

### Alnæmi, tilbúningur Vesturlandaþjóða

Þegar alnæmi kom upp á Vesturlöndum fór allt í gang, fjölmörlar fjölluðu um sjúkdóminn, skólinn fræddi um hann og áróður fyrir notkun smokka varð veruleiki. Í Mósambík gerðist ekkert af þessu. Fjölmörlar ná einungis til lítils hluta almennings og aðeins brot af þjóðinni gengur í skóla. Þegar smokkurinn var kynntur komu upp þær sögur að hann væri framleiddur – með alnæmissmiti – af nágrennaþjóðnum til að hrella þjóðina. Þar fyrir utan er smokkur munaðarvara sem fáir hafa efni á að kaupa. Margir trúu því að alnæmi sé tilbúningur Vesturlandaþjóða til að fólk í Áfríku hætti að fjölga sér.

### Galdralæknar og bölvun nágrenna

Það er erfitt að útskýra sjúkdóm eins og alnæmi í Mósambík, því hann ræðst á ónæmiskerfið. Fólk veit ekki einu sinni hvað ónæmiskerfi er. Þegar alnæmissjúklingur deyr er það yfirleitt annar sjúkdómur eins og malaría eða lungnabólga sem dregur hann til dauða. Fólk á því erfitt með að sjá að alnæmi hafi verið orsókin. Trú á yfirnáttúrulega hluti og galdra er mikil í Mósambík. Einn nemandi í skólanum, þar sem ég vann, veiktist alvarlega af malaríu og fékk hana aftur og aftur. Ég var eitt sinn að spjalla við samkennara mína þegar talið barst að nemandanum. Þeir ræddu að trúlega þyrfti að senda hann á heimslóðir til galdralæknis því það væri greinilega einhver bölvun sem fylgdi honum á þennan stað. Ég horfði á þá undrunaraugum því þeir voru í hópi menntaðasta

fólksins í landinu. Ég bar á móti þessu og byrjaði að útskýra einkenni sjúkdómsins en þá litu þeir á mig góðlátlega og sögðu: „Þú skilur þetta ekki.“ Þegar galdratrú er svona stórt þáttur í menningunni er enn erfiðara að fræða fólk, því það veit hreinlega betur. Ef einhver deyr er miklu trúlegra að það hafi verið út af bölvun nágrennans en að hann hafi smitast af sjúkdómi við samfarir.

### Munaðarleysingjar og gamalmenni standa ein uppi

Fordómar eru sterkir í Mósambík eins og annars staðar. Alnæmi er dauðadómur og þykir því skömm alveg eins og holdsveiki fyrr á öldum. Af þessum sökum neitar fólk að horfast í augu við að það sé veikt. Læknar segja jafnvel ekki sjúklingum frá því að þeir séu smitaðir því það er ekkert sem þeir geta gert fyrir þá. Þetta þýðir að sjúkdómurinn heldur áfram að breiðast út neðanjarðar og þau börn sem missa foreldra sína eiga erfitt uppdráttar út af fordóum samfélagsins. Sjúkdómurinn hefur ekki einungis heilsufarsleg og félagsleg áhrif heldur líka efnahagsleg. Það fólk sem hrynnur niður af völdum alnæmis er á miðskieði lífsins. Þetta er fólkid sem heldur efnahagnum uppi, fólkid sem vinnur, og eftir standa gamalmenni og ung börn.

### Frjálst kynlíf og margir rekjkjunautar

Stórt þáttur í útbreiðslu alnæmis er kynhegðun fólks í mörgum Afríkuríkjum. Í Mósambík þykir eðlilegt að skipta titt um rúmfélaga og telst ekkert athugavert að eiga marga rekjkjunauta á sama tíma. Þar sem alnæmi smitast við kynmök verður hættan á smiti meiri eftir því sem rúmfélögum fjölgar. Fjölkveni er ekki óalgengt og oft eiga menn nokkur viðhöld líka.



Margrét ásamt nemandi sínum, að fræða þorpsbúa um alnæmi.


Að mati Mósambíkana sem ég ræddi við er það í eðli fólksins og hefð í landinu að eiga marga rekjkjunauta og því staðreynð sem ekki er hægt að breyta. Mér var sagt að menn yrðu pirraðir og jafnvel veikir ef þeir stunduðu ekki kynlíf af kappi og að ekkert væri við annað að vera á kvöldin en leikir ástarinnar.

#### **Enginn veit hver verður næstur**

Eitt af hlutverkum mínum í Mósambík sem kennara í kennaraskóla var að fræða nemendur mína um alnæmi, koma af stað umræðum um sjúkdóminn og skipuleggja með þeim fræðsluherferðir út í þorpin. Þegar þeir útskrifast gegna þeir lykilhlutverki hvað varðar fræðslu og þróun í sinni heimabyggð. Verlega kennslan fólst í því að fara út í þorpið við skólan og segja frá sjúkdómnunum og vörnum við honum. Nemendurnir voru mjög áhugasamir, teiknuðu veggspjöld og sömdu lög og dansa til að vekja athygli á málefnum. Þeir fóru á heilsugæslustöðina og fengu smokka hjá hjúkrunarfræðingnum til að dreifa og útbjuggu prik til að nota við sýnikennslu í notkun verja. Þegar við komum í þorpið safnaðis strax hópur af fólk í kring um okkur, sem horfði á forvitnum augum. Meðan ég fylgdist með framgöngu nemenda minna, velti ég fyrir mér hvort þeir færð eftir því sem þeir væru að kenna. Mér fannst nefnilega stundum að viðhorf við sjúkdómnunum væri sá sami og á Íslandi: „Þetta er eitthvað sem kemur fyrir aðra en mig.“ Ári seinna frétti ég að hjúkrunarfræðingurinn, sem afhenti okkur bæklinga og 200 smokka til að dreifa, hefði dáið úr alnæmi.

#### **Það erum við sem verðum að taka á vandanum**

Það gengur allt svo hægt í Afríku, fjármagnið er svo lítið og upplýsingarnar af svo skornum skammti. Auðvitað horfi ég með augum hins stressaða Íslendinga þar sem öllu á að redda einn tveir og tíu. Ég átta mig ekki á að það er ekkert svo langt síðan að við vorum sjálf í svipuðum sporum, ferðuðumst um á hestum og vorum berskjölduð fyrir alls konar sjúkdónum og hörmungum. Það er sorglegt að við séum búin að gleyma þessu. Sögur af þjáningum forfeðranna eru jafn fjarlægar og hörmulegu fréttamyndirnar í sjónvarpinu. Við sem höfum það gott í dag notum ekki okkar þekkingu, tækni og fjármagn til að hjálpa öðrum og bjarga með því heilu þjóðunum frá útrymingu. Við veljum frekar að kaupa okkur meira og meira, nýrrí bíl, flottari eldhúsinnréttingu og heitan pott í garðinn en að láta okkur varða milljónir manna um allan heim sem hafa um það eitt að hugsa að lifa af næsta dag. Það er alveg ljóst að baráttan við alnæmi verður ekki sigruð nema við gerum eitthvað í málínu. Hingað til hafa ríkari þjóðir heims lokað augunum fyrir vandanum og opna þau trúlega ekki fyrr en ógnin steðjar að þeim. Þá er það of seint, það þarf að bregðast við í dag. Það þarf að dæla fræðslu inn í samfélögin, koma upp heilbrigðiskerfi og aðhlynningu og gera lyf aðgengileg. Það er ekki eftir neinu að bíða.



# Við þökkum eftirtöldum veittan stuðning

Tannlæknastofa Magnúsar T. Torfasonar, Hátúni 2a  
Tannlæknastofa Ólafs Páls Jónssonar, Faxafeni 5  
Tannlæknastofa Sigurjóns Sigurðssonar, Ármúla 26  
Teiknistofan H G ehf, Skúlatúni 6  
Thai-matstofan ehf, Suðurlandsbraut 52  
TM húsgögn ehf, Síðumúla 30  
Tryggingamiðun Íslands ehf, Síðumúla 21  
Tryggingamiðstöðin hf, Aðalstræti 6-8  
Tveir fiskar, Geirsgötu 9  
Týsdagur ehf, Skipolti 19  
Tækniþjónusta Jóns R. Sigmundssonar, Nethyl 2  
Úðafoss sf efnaðug, Vitastíg 13  
Útfararstofa Íslands ehf, Suðurhlíð 35  
Útfararstofa kirkjugarðanna ehf, Vesturhlíð 2  
Útfararþjónustan ehf, Fjarðarási 25  
Vari ehf, Kringlinni 6  
Veiðihúsið Sakka ehf, Fiskislóð 137a  
Venus hárgreiðslustofa, Hverfisgötu 105  
Verkfræðistofan Afl ehf, Bíldshöfða 14  
Verkver ehf, Bæjarflöt 2  
Vélvík ehf, Höfðabakka 1  
Við Tjörnina ehf, Templarasundi 3  
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20  
Vöruluftningamiðstöðin hf, Klettagörðum 15  
Yggdrassill ehf, Káraستig 1  
Þingvallaleið ehf, Stigahlíð 56  
Þín verslun ehf, Stangarhyl 3a  
Ögmundur Máni Ögmundsson tannlæknir, Tjarnargötu 16  
Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf, Grjóthálsi 7-11  
Öryrkjabandalag Íslands, Hátúni 10

## Seltjarnarnes

Pétur Svavarsson tannlæknir, Eiðistorgi 15  
Salon Nes, Austurströnd 1  
Seltjarnarneskauptaður, Austurströnd 2  
Tannlæknastofa Ragnars Ó. Steinarssonar, Eiðistorgi 15

## Kópavogur

ÁF-hús ehf, Sunnubraut 4  
Blikkarið ehf, Auðbrekku 3-5  
Deliða og Samson sf, Grænatúni 1  
Garðyrkja ehf, Sunnubraut 22  
Goddi hf, Auðbrekku 19  
Guðríður A. Danielsdóttir tannlæknir, Hlíðarsmára 17  
Hurðaborg Crawford hurðir, Dalvegi 16d  
Icemex ehf, Smiðjuvegi 2  
Kópavogsþær, Fannborg 2

Órótt tannsmíðaverkstæði ehf, Hamraborg 1  
Plastlagnir ehf, Laufbrekku 20  
Rafþjónusta G S, Krossalind 24  
Ráðstefnur og fundir ehf, Hamraborg 1  
Tannlæknastofa Jóns Ólafssonar, Hlíðarvegi 30  
Tölvumiðstöð sparsjóðanna, Hlíðasmára 19  
Ömmubakstur ehf, Kársnesbraut 96

## Garðabær

G H heildverslun ehf, Garðatorgi 3  
Héðinn Schindler-lyftur hf, Lyngási 8  
Hrönn Róbertsdóttir tannlæknir, Garðatorgi 7  
Tannlist ehf, Garðatorgi 7  
Veislupjónustan Bonne Femme ehf, Lyngási 12

## Hafnarfjörður

Anas ehf, Hörgsholti 37  
Ás fasteignasala ehf, Fjarðargötu 17  
Bergsteinn ehf, Kaplahrauni 22  
Björt sf hárgreiðslustofa, Bæjarhrauni 2  
Bónusvídeo ehf, Lækjargötu 2  
Dalakoffin sf, Fjarðargötu 13-15  
Endurskoðun og reikningsskil ehf, Fjarðargötu 11  
Glerborg ehf, Dalshrauni 5  
Guðrún ehf tískuverslun, Túnhvammi 1  
Hella hf málmsteypa, Kaplahrauni 5  
Hlynur Andrésson tannlæknir, Dalshrauni 13  
H-Vertinn ehf, Ölduslóð 40  
Icedan ehf, Óseyrarbraut 4  
Kjarnavörur hf, Bæjarhrauni 4  
Klipparar ehf, Fjarðargötu 13-15  
Tannlæknastofa Harðar Sigmarssonar, Reykjavíkurvegi 60  
Tannlæknastofan Stúdíó tönn ehf, Vesturgötu 9  
Vélsmiðja Konráðs Jónssonar sf, Helluhrauni 20

## Grindavík

Fiskanes, Hafnargötu 12  
Grindavíkurkaupstaður, Víkurbraut 62

## Garður

Karl Njálsson ehf fiskverkun, Melbraut 5

## Reykjanesbær

Aðalverk ehf, Hólmgarði 2c  
Bílbót sf, Bolafæti 3  
Happi ehf, Óðinsvöllum 5  
Hár-inn, Hafnargötu 44  
Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36  
Húsagerðin ehf, Hólmgarði 2c  
J. Stefánsson ehf, Hafnargötu 30  
Persóna fataverslun, Túngötu 18

Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12-14  
Strönd ehf, Njarðvíkurbraut 52  
Tannlæknastofan Tjarnargötu, Tjarnargötu 2  
Víkurgillið ehf, Hafnargötu 21

## Keflavíkurflugvöllur

Fagræsting sf, Leifsstöð

## Vogar

EB-Verk ehf, Vogagerði 26

## Mosfellsbær

Ísfugl ehf, Reykjavegi 36  
Mosfellsbær, Þverholti 2  
Mottó ehf, Flugumýri 24

## Akranes

Haraldur Böðvarsson hf, Bárugötu 8-10  
Heimaskagi ehf, Esjuvöllum 24  
Lárus Arnar Pétursson tannlæknir, Laugarbraut 11  
Mozart ehf, Kirkjubraut 6  
Tannlæknastofa Jónasar Geirssonar, Kirkjubraut 28  
Tannlækningsstofan sf, Laugarbraut 11  
Pórgeir og Helgi hf, Höfðaselí 4

## Borgarnes og nágrenni

Bifreiða- og vélaverkstæði, Þorsteinsgötu 11  
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi, Borgarbraut 65  
Þjónustumiðstöðin Vegamót ehf, Vegamótum

## Grundarfjörður

Soffanías Cecilsson hf, Borgarbraut 1

## Stykkishólmur

Narfeyrarstofa kaffihús, Aðalgötu 3  
Vinnuvélar sf, Fróðengi 8

## Tálknafjörður

Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf, Miðtúni 3

## Bolungarvík

Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14

## Ísafjörður

Ametyst, hár- og förunarstofa ehf, Mánagötu 2  
Básafell hf, Sindragötu 1  
Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Brunngötu 7  
Lögsýn ehf, Aðalstræti 24  
Tannlæknastofan á Ísafirði, Seljalandsvegi 77

# NordAll 2000

Rúmlega 160 hiv-jákvæðir einstaklingar hittust 11.-13. ágúst á NordAll ráðstefnunni sem í ár var haldin af PLUSS-LMA í Noregi. Auk okkar íslendinganna tóku þátt hiv-jákvæðir annars staðar frá Norðurlöndum, Eystrasaltslöndum, Írlandi, Spáni og í fyrsta sinn Portúgal.

Ráðstefnan hófst á hefðbundinn hátt með fánaborg allra þátttökulanda, ræðum og flöggun NordAll fánans. Áður en gengið var til kvöldverðar gafst okkur tími í fögru umhverfi og góðu veðri til að blanda geði. Að hitta gamla vini og efna til nýrra kynna er mikilvægur hluti ráðstefnunnar.

Eftir kvöldverðinn var safnast saman í blysför frá hótelinu niður að vatninu og tendraður stór bálköstur. Þar hélt ég, sem formaður í NordPol, ræðu og líkti kynnlunum og eldinum við vírusinn sem brennur í okkur hiv-jákvæðum. Á eftir fylgdi einnar mínuð þögn og við minntumst þeirra sem eru ekki lengur á meðal okkar. Það var stórfengleg stund að sjá alla þátttakendurna standa þögula saman, upplýsta af eldinum, sem síðan endurspegladist í dökku, sléttu vatninu.

Á laugardeginum og hluta sunnudagsins var þéttskipuð dagskrá undir þema ársins „Bati og endurhæfing.“ Efni fyrirlestra og vinnuhópar voru m.a. „Fíkniefnaneytendur og hiv,“ „Konur og hiv,“ „Hiv og vinnumarkaðurinn.“

Lena Nilsson Schönnesson, dósent og sálfræðingur frá Svíþjóð, hélt fyrirlestra um „Hiv í sambúð og fjölskyldu; að lifa á mörkunum – takmarkanir og tækifæri, og menn sem stunda kynlif með karlmönnum og hiv.“

NordPol sem er pólitiski hlutinn af norrænu samstarfi almenningsamtakanna, hélt aðalfund fyrir ráðstefnuna. Þar var m.a tekin ákvörðun um stuðning við International Aids Vaccine Initiative (IAVI), stofnun sem vill flýta rannsóknum og framleiðslu bólusetningarefnis. Í framhaldi af því var síðan vinnuhópur á NordAll sem ræddi bólusetnigar og efni tengt þeim.

NordAll er ekki bara vinnuhópar og fyrirlestrarar, það er líka að blanda geði við fólk og þó að dagskráin hafi verið þéttskipuð gafst tími til þess líka. Að deila reynslu annarra er gagnlegt og ánægjulegt og ekki síður mikilvægt en „opinber dagskrá.“

Eftir hádegisverð á sunnudeginum var lokadagskrá þar sem fulltrúar Íslands tóku við NordAll fánanum því það er komið að Íslandi að sjá um ráðstefnuna 2001.

Stig Wadentoft

## Ummæli konu sem fór á ráðstefnuna í Noregi

Ég fór á Nordall 2000 í Noregi. Dagskráin var almennt skemmtileg og athyglisverð, ég fór á þrjá fyrirlestra og af þeim þótti mér bestur sá sem fjallaði um sambönd jákvæðra, hvað það væri erfitt hjá okkur í þeim málum. Ég tók niður eftirfarandi punkta á fyrirlestrinum sem mér fannst segja svo margt:

Af hverju viljum við maka?  
Til að losna við einmanaleikann.  
Búa til börn.  
Deila gleði og sorg.  
„Ég get lífað án þín en vil ekki.“  
„Ég get ekki lífað án þín en vil helst.“

Mest um vert þótti mér að hitta aðrar smitaðar konur og spjalla við þær í kvennagrúppu undir stjórn tveggja aðila.



Skagafjörður

vegamót  
bistro-bar

# NordAll 2001

Skipulagning fyrir NordAll-2001 er þegar kominn í gang. Verkefnið er undirbúninur NordAll ráðstefnunnar og NordPol, plótið í hluta samstarfsins milli norrænu alnæmissamtakanna.

Ráðstefnan verður haldin á Foss-hótel, Bifröst dagana 17.-19. ágúst, þema ráðstefnunnar verður „Andleg og líkamleg heilsa.“ Við eignum von um að erlendir ráðstefnugestir verði um 115 hiv-jákvæðir fá Norðurlöndum, Eystrasaltslöndum, Írlandi, Portúgal og í fyrsta sinn frá Grikklandi. Þetta þýðir að þessi ráðstefna verður sú stærsta sem haldin hefur verið fyrir og með hiv-jákvæðum á Íslandi.

Ráðstefnan sjálf, NordAll, verður með hefðbundnu sniði. Setning eftir hádegi á fóstudegi, fyrirlestrar og vinnuhópar allan laugardaginn og fyrir hádegi á sunnudag, lokadagskrá og brottför seinnipart sunnudags. Þó getur verið að bryddað verði upp á nýjungum í þetta sinn. Undirbúningsnefnd hafði samband við landleikni sem tók því vel að alþjóðlegir fyrirlesarar sem verða á NordAll, verði með fyrirlestra fyrir aðra hópa á fimmstudeginum fyrir ráðstefnuna. Einnig er verið að kanna möguleikana á því að fram lengja ráðstefnuna á Bifröst fyrir þá sem vilja. Þetta yrði þá gert í samráði við EATG – European AIDS Treatment Group, sem myndi sjá um fyrirlestra og efni þann dag.

Öll verkefni kosta eitthvað og svo er einnig um NordAll 2001. Það sem við þurfum að fjármagna fyrir utan sjálfa ráðstefnuna er allur kostnaður tengdur starfsemi NordPol á árinu. Sá kostnaður er meðal annars ferðir og upphald á þrjá stjórnarfundi – sá fyrsti verður 12.-14.janúar 2001 með 10 þátttakendum, og aðalfundur með 20 þátttakendum. Það er þegar búið að senda umsóknir um styrki til Evrópusambandsins, Norræna ráðherranefndarinnar, og Norræna öryrkjabandalagsins. Þó að við fáum jákvæð svör frá þessum aðilum dugar það samt ekki til.

Við í undirbúningsnefndinni fyrir NordAll 2001 þiggjum alla aðstoð sem við getum fengið, ábendingar um fjárlöfun, hvert er hægt að sækja fjármuni, efni á ráðstefnu, greinaskrif og svo framvegis.

Sem sagt – allir sem vilja ljá mállefnum lið með einhverjum hætti hafi samband, annað hvort beint við okkur (Einar, sími 552 4745 eða 698 4745) eða á skrifstofuna!

Einar Þór Jónsson og Björk Bjarkadóttir

## Félagsráðgjafi HIV-smitaðra og aðstandenda



**Sigurlaug Hauksdóttir**, félagsráðgjafi er til viðtals alla virka daga á Landspítala Fossvogi í síma 525 1547 /1000. Á miðvikudögum kl. 14-16 eru viðtalstímar hjá Alnæmissamtökunum á Íslandi í síma 552 8586.

Sigurlaug leiðir hópastarf fyrir HIV-jákvæða og einnig fyrir aðstandendur HIV-smitaðra. Starfið fer fram á kvöldin í húsi Alnæmissamtakanna. Einnig sér hún um kynningu og fræðslu fyrir félög og hópa sem hafa áhuga á að fræðast um HIV hjá börnum, unglungum og fullorðnum.

## NOKKRIR LÉTTIR

### Kuldinn

Kapólskur prestur og nunna voru á heimleið úr vinnuferðalagi þegar bílinn bilaði. Það gekk ekki að fá gert við hann strax svo þau urðu að gista í þorpinu. Það var aðeins eitt hótel á staðnum og þar var eitt herbergi laust, tveggja manna.

Þau veltu þessum vanda fyrir sér og síðan mælti prestur: „Systir, ég held ekki að herrann setji sig upp á móti því, eins og á stendur, að við gistum í sama herbergi í þetta sinn. Ég sef í sófanum og þú verður í rúminu.“

Nunnan svaraði: „Ég held að þetta verði í lagi.“ Þau bjuggu um sig í herberginu og lögðust til hvílu hvort á sínum stað.

Í þann mund að presturinn var að festa svefn segir nunnan: „Faðir, mér er svo kalt. Geturðu fært mér teppi?“ Presturinn segir: „Allt í lagi systir, ég skal færa þér teppi.“ Hann nær í teppi og færir henni og leggst aftur fyrir.

Pegar hann var að sofna í annað sinn segir nunnan: „Faðir, mér er ennþá svo kalt. Gætið fært mér annað teppi?“ Presturinn segir: „Allt í lagi systir, ég skal færa þér annað teppi.“ Hann sótti annað teppi og fékk nunnunni og lagðist svo til svefn.

En þegar presturinn var að því kominn að sofna í þriðja sinn segir nunnan: „Faðir, mér ennþá svo voðalega kalt. Ég held ekki að drottini vorum væri það á móti skapi að við léturnum sem maður og kona í þetta eina skipti.“

Þá svarar prestur: „Já, ætti það sé ekki rétt hjá þér. Farðu þá bara sjálf og náðu í andskotans teppið!“

### Þrjár óskir

Þrí náungar voru að ræða saman um dauðann og einn þeirra spurði sem svo: „Hvað vilduð þið að fólk hefði um ykkur að segja þegar það kemur til þess að veita ykkur hinstu kveðju?“ Annar hinna sagði: „Ég vona að það verði sagt að ég hafi verið virtur læknir í minni grein, góður fjölskyldufaðir og vinmargur.“ Sá þriðji svarar líka: „Ég vona að ég verði sagður mjög fær málafærslumaður, hjálpssamur náunganum og öðrum snjallari á golfvellinum.“ Sá sem spurði fyrst segir þá: „Ætti þetta sé ekki einmitt það sem verður um ykkur sagt. Von mí er að þegar menn horfa á mig í kistunni segi þeir: „Sjáð þið Hann hreyfir sig!“

### Bænirnar

Kona nokkur tekur prest sinn tali og segir: „Séra minn, það er dálitið vandamál hjá mér. Ég á tvær talandi páfagaukskerlingar en þær segja aldrei neitt annað en „Hæ við erum hórir, eruð þið til í tuskíð?“ Þetta er voðalegt að heyra,” segir presturinn, „en ég get lagt þér lið. Komdu með páfagaukskerlingarnar þínar heim til mínum og ég skal kynna þær fyrir tveimur talandi páfagaukskörum sem ég á, ég hef kennt þeim að biðjast fyrir og lesa bíblíuna. Páfagaukarnir mínum geta þá kennt þínum að hætta að tala svona ljótt og kerlingarnar læra þá að biðjast fyrir og lesa bíblíuna.“ „Pakka þér kærlega fyrirl“ svaraði konan. Daginn eftir fer hún með kerlingarnar í heimsóknina til prestsins. Páfagaukarnir hans eru með talnaband og biðjast fyrir í búrinu. Konan setur kerlingarnar inn í búrið til þeirra. Þær segja óðara: „Hæ, við erum hórir, eruð þið til í tuskíð?“ Körlynunum verður lítið hvorum á annan og sá sem er fyrri til segir við hinn: „Leggjum frá okkur talnabandið, við höfum verið bænheyrið.“

# Við þökkum eftirtöldum veittan stuðning

<b>Strandir</b> Árneshreppur, Norðurfirði	Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf, Fjölnisgötu 2a Bitra ehf, Háagerði 3 Fatalreinsunir ehf, Hofsþót 4 Flugkaffi veitingasala, Akureyrarflugvelli Höldur ehf, Tryggvabraut 12 Index tannsmíðaverkstæði ehf, Kaupangi Mýrarvegi Jóhann G. Benediktsson tannlæknir, Ásvegi 21 Kaupfélag Eyfirðinga, Hafnarstræti 91-95 Kvenfélagið Freyja Staðarskáli ehf, Stað Hrútafirði	Ferðapjónusta bænda, Stafafelli, Lóni <b>Kirkjubæjarklaustur</b> Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri, Skriðuvöllum 13
<b>Hvammstangi og nágrenni</b> Heilbrigðisstofnun Hvammstanga, Spítalastíg 1 Kvenfélagið Freyja Staðarskáli ehf, Stað Hrútafirði	Index tannsmíðaverkstæði ehf, Kaupangi Mýrarvegi Jóhann G. Benediktsson tannlæknir, Ásvegi 21 Kaupfélag Eyfirðinga, Hafnarstræti 91-95 Kvenfélagið Baldursbrá Lostæti ehf, Naustatanga 1 Lögmannsstofa Akureyrar, Geislagötu 5 Menntskólinn á Akureyri, Eyrarlandsvegi 28 Pedromyndir ehf, Skipagötu 16 Samherji hf, Glerárgötu 30 Sparisjóður Norðlendinga, Skipagötu 9 Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar, Kaupangi Mýrarvegi Tannlæknastofa Ragnheiðar Hansdóttur, Kaupangi Mýrarvegi Tannsmíðja Siggu Mæju, Þórunnarstræti 114 Tískuverslun Steinunnar, Hafnarstræti 97	<b>Vestmannaeyjar</b> Heildverslun Karls Kristmanns, Ofanleitisvegi 15-19 Sæhamar ehf, Flötum 31 Vestmannaeyjabær, Ráðhúsinu
<b>Blönduós og nágrenni</b> Apótek Blönduóss, Flúðabakka 2 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Flúðabakka 2 Kvenfélag Svínavatnshrepps Píplagagnverktakar ehf, Árbraut 11 Stéttarfélagið Samstaða, Þverbraut 1 Sveinsstaðahreppur, Hólabaki	Lögmannsstofa Akureyrar, Geislagötu 5 Menntskólinn á Akureyri, Eyrarlandsvegi 28 Pedromyndir ehf, Skipagötu 16 Samherji hf, Glerárgötu 30 Sparisjóður Norðlendinga, Skipagötu 9 Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar, Kaupangi Mýrarvegi Tannlæknastofa Ragnheiðar Hansdóttur, Kaupangi Mýrarvegi Tannsmíðja Siggu Mæju, Þórunnarstræti 114 Tískuverslun Steinunnar, Hafnarstræti 97	<b>Hvolsvöllur</b> Birga ehf, Ormsvelli 5
<b>Skagaströnd</b> Kántrýbær ehf, Hólanesvegi 11 Kvenfélagið Hekla	Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar, Kaupangi Mýrarvegi Tannlæknastofa Ragnheiðar Hansdóttur, Kaupangi Mýrarvegi Tannsmíðja Siggu Mæju, Þórunnarstræti 114 Tískuverslun Steinunnar, Hafnarstræti 97	<b>Hella</b> Peta Sigurðardóttir tannlæknir, Verkalýðshúsinu Hellu
<b>Skagafjörður</b> Akrahreppur, Framnesi Heilbrigðisstofnunin Sauðárkrúki, Sauðárhæðum Kvenfélag Skefilsstaðahrepps Sveitarfélagið Skagafjörður, Faxatorgi 1	<b>Húsavík og nágrenni</b> Baktus ehf, Auðbrekku 4 Hvammur heimili aldraðra, Vallholtsvegi 15 Kvenfélag Reykjahrepps Kvenfélagið Hildur Reykjahreppur, Skógum 2	<b>Selfoss og nágrenni</b> Ferðapjónustan Efri-Brú ehf, Efri-Brú Fjölbautaskóli Suðurlands, Tryggvagötu 25 Halldór Sigþórsson tannlæknir, Austurvegi 44 Hannyrðaverslunin Skrínan, Eyrarvegi 27 Hártískuhúsið Centrum ehf, Tryggvatorgi 1 Jeppasmíðjan ehf, Ljónsstöðum Áhaldaleigan, Miðengi 23 Kvenfélag Þingvallahrepps Mjólkurbú Flóamanna, Austurvegi 65 Selfossveitir bs, Austurvegi 67 Set ehf, Eyravegi 43 Villingaholtshreppur, Mjósyndi
<b>Siglufjörður</b> Siglufjarðarkaupstaður, Gránugötu 24	<b>Þórshöfn</b> Þórshafnarreppur, Langanesvegi 16a	<b>Laugarvatn</b> Laugardalshreppur, Ösp
<b>Grímsey</b> Grímseyjarhreppur, Garði Sæbjörð ehf, Öldutúni 3	<b>Vopnafjörður</b> Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlið 15	<b>Hveragerði</b> Eldhestar ehf, Völlum Garðyrkjustöð Ingibjargar Sigmundsdóttur, Heiðmörk 38 Heilsustofnun NLFÍ, Grænumörk 10 Kjörís ehf, Austurmörk 15 Þinghús Café ehf, Þelamörk 5
<b>Ólafsfjörður</b> Sparisjóður Ólafsfjarðar, Aðalgötu 14	<b>Egilssstaðir og nágrenni</b> Hárhöllin sf, Tjarnarbraut 19 Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupvangi 6 Malarvinnslan hf, Miðási 37 Trésmíðja Guðna Þórarinsonar, Másseli	<b>Þorlákshöfn</b> Sveitarfélagið Ölfus, Hafnarbergi 1
<b>Dalvík</b> Helgi Indriðason tannlæknir, Heilsugæslu- stöðinni við Hólaveg Ísstöðin hf, Dalvíkurhöfn Kaffi Vík ehf, Sandskeiði 27 Norðurströnd ehf, Ránarbraut 10	<b>Mjóifjörður</b> Mjóafjarðarhreppur, Brekku	
<b>Akureyri og nágrenni</b> Akureyrarkaupstaður, Geislagötu 9 Arnarneshreppur, Ásgarði Bautinn hf, Hafnarstræti 92	<b>Höfn og nágrenni</b> Farfuglaheimilið Nýibær ehf, Hafnarbraut 47	

Hópur HIV-jákvæðra samkynhneigðra karla hittist reglulega og ræðir mál sin í trúnaði. Allir sem eins er ástatt um eru velkomnir. Nánari upplýsingar á skrifstofu Alnæmissamtakanna í síma 552 8586.



## HAFÐU ALLA ÞRÆÐI Í HENDI ÞÉR



- Uppbygging ljósleiðaranetsins tryggir að þitt kemst til skila
- Umhverfisvænsti kosturinn
- Þú velur flutningsgetuna hvort sem það eru 2, 10, 100 eða 1000 Mb á sekúndu eða meira!